



Heit og ljúffeng
PIZZA
HAMRABORG
Hafnarstræti 7 • 456 3166

Láttu ekki vandræðin
verða til vandræða
Íbúðalánasjóður
www.ils.is

Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 31. ágúst 2006 • 35. tbl. • 23. árg.

Óvíst um öldunga-deildarnám



Menntaskólinn á Ísafirði.

Menntaskólinn á Ísafirði var settur á miðvikudag í síðustu viku. Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, settur skólameistari, sagði meðal annars í setningarræðu sinni að ekki hefði verið tekin ákvörðun um hvort boðið yrði upp á öldunga-deildarnám á þessari önn þar sem aðsókn að því hefði dregist saman á undanförunum árum. Í samtali við bb.is sagði Ingibjörg að of snemmt væri að tjá sig um málið að svo stöddu, innritun í kvöld-skólann væri ekki hafin og því ekki neinnar ákvörðunar að vænta fyrr en í næstu viku.

Alls eru nemendur 315, í dagskólanum þar af 71 nýnemi. Í fyrra voru nemendur á haustönn 359 talsins. Þá hafa orðið breytingar á starfsmannahaldi. Kennarar og stjórnendur hafa horfið til annarra starfa og nýir tekið við. Jón Reynir Sigurvínsson er aðstoðarskólastjóri, Friðgerður Ómarsdóttir áfangastjóri, Stefán Guðnason og Agnes Karlsdóttir hafa snúið úr fríi.

FB



Jóhannes Jónsson í Bónus á móti verðlaunum ísfirskrar alþýðu úr hendi Jóns Fanndal Þórðarsonar í Tjörúhúsinu á Ísafirði.

Jóhannesi í Bónus afhent verðlaun ísfirskrar alþýðu

Jóhannes Jónsson sem oftast er kenndur við Bónus tók á móti verðlaunum ísfirskrar alþýðu úr hendi Jóns Fanndal Þórðarsonar í Tjörúhúsinu á Ísafirði á fimmtudag fyrir viku. Verðlaunin eru málverk eftir Reyni Torfason, bæjarlistamann Ísafjarðar. Einsog kunnugt er stóð upphaflega til að afhenda verðlaunin þann 17. desember síðastliðinn, en af því gat ekki orðið þar sem

veður hamlaði flugi. Síðan hefur ekki fundist tími sem báðum hentaði þar sem veitendur verðlaunanna voru harðir á því að þau skyldu afhent á Ísafirði. Voru bæði verðlaunahafi og verðlauna-veitendur að vonum hinir ánægðustu með að takast skyldi að koma verðlaununum í réttar hendur. Jóhannes flutti þakarræðu og sagðist hræður í huga við viðtöku slíkra

verðlauna. „Þetta tókst með miklum ágætum,“ sagði Jón Fanndal Þórðarson eftir afhendinguna í dag. „Um tíma leit út fyrir að af þessu yrði ekki, en við vildum ekki fara suður og afhenda Jóhannesi verðlaunin þar svo við biðum eftir hentugum tíma. Jóhannes á þetta skilið fyrir að hafa staðið fyrir því hversu stórlega matvara hefur lækkað í verði hér á Ísafirði með jöfnun

flutningskostnaðar. Hann á sinn þátt í því að gera fólki kleift að búa hér.“ Til verðlaunanna var stofnað í haust á ársafmæli Heimastjórnarhátíðar alþýðunnar á Ísafirði. Við stofnun verðlaunanna var ákveðið að veita þau til fyrir-tækja, einstaklinga eða stofnana sem mikið hafa lagt af mörkum til stuðnings við mannlíf og byggð á Ísafirði.

FB

úrval
Samkaup
OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!
Samkaup úrval
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER
EIMSKIP
Kongaráttum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is
VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800

Komið verður til móts við þarfir HG



Höfuðstöðvar HG við Hnífsdalsbryggju.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti á mánudag að bæta við einni strætisvagnaferð í Hnífsdal til að koma til móts við ósk Hraðfrystihússins Gunnvarar um að laga áætlun strætisvagnaferða milli Ísa-

fjarðar og Hnífsdals að vinnutíma fyrirtækisins. HG hefur undanfarin ár útvegað starfsfólki sínu akstur til og frá fiskvinnslu HG við Hnífsdalsbryggju, en nú hefur verið ákveðið að hætta þessum

akstri. Starfsmenn HG eru hvattir til að nýta sér þær almenningssamgöngur sem Ísafjarðarbær býður upp á milli byggðakjarna í sveitarfélaginu. Í tengslum við þetta hefur HG óskað eftir því að við gerð vetraráætlunar strætisvagna til og frá Hnífsdal verði tekið tillit til vinnutíma í fiskvinnslunni í ljósi þess að umtalsverður hópur starfsmanna sé líklegur til að nýta sér þjónustu strætisvagnanna. Á veturna er vinnutími frá 8 til 16, en á sumrin frá 7 til 15. Fyrirkomulagið gildir til reynslu til næstu áramóta enda verði nýting annarra ferða athuguð og tillaga gerð um niðurfellingu þeirra gerð sé nýting léleg. Viðbótar-kostnaði er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins. Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs og sá er rekur strætisvagnakerfið á Ísafirði vék af fundi við afgreiðslu erindisins.

Í bréfi sem HG skrifaði bæjaryfirvöldum segir: „Þar sem biðskýli er ekki við stoppistöðina við vinnsluna okkar við Hnífsdalsbryggju væri æskilegt að biðskýli væri sett upp eða lykka lögd á leiðina niður að vinnsluhúsnæðinu. Það er von okkar að hægt verði að aðlaga áætlunina sem mest að þörfum starfsmanna okkar.“

smari@bb.is

bb.is

Hjalti heiðraður fyrir frammistöðu sína í Írak

Ísfirðingurinn og hermaðurinn Hjalti Ragnarsson var á mánudag heiðraður af yfirhershöfðingja Konunglega Dönsku lífvarðarsveitarinnar fyrir framúrskarandi frammistöðu á vígvöllum Íraks. Einnig hlaut hann viðurkenningu fyrir að hafa slasast í orrustu en halda samt áfram út herþjónustutímann. Að sögn Ragnars Haraldssonar föður hans er Hjalti nú kominn með fleiri heiðursmerki og orður en margir af yfirmönnum hans. Hjalti er nýkominn heim eftir að hafa sinnt herþjónustu hjá danska hernum, meðal annars í Írak frá því í febrúar þar sem hann lenti í ýmsum þrekraunum. En þeim var ekki lokið við heimkomuna. „Hjalti er þungur á brún á þessari mynd enda strax eftir athöfnina var hann sendur af hernum til eyjunnar Bornholm með einn látinn hermann úr hans deild. Hann kom heim með herdeildinni en hafði upplifað hluti sem hann gat ekki lifað við og tók sitt eigið líf við heimkomuna“, segir Ragnar í tölvupósti til bb.is. „Hann var grafinn á þriðjudag á Bornholm og Hjalti og nú félagar úr deildinni báru hann til grafar í fullu uniformi sem er til heiðurs og minningar látins hermans á vegum Den Kongelige Livgarde.

Blöðin og hermálasérfræðingar segja að þeir hafi verið settir í gegnum allt of



Hjalti Ragnarsson hefur verið heiðraður fyrir framúrskarandi frammistöðu á vígvöllum Íraks auk þess sem hann hlaut viðurkenningu fyrir að hafa slasast í orrustu en halda samt áfram út herþjónustutímann.

margar hættur og mannraunir og verði að endurskoða áhættu og skyldur drengjanna á vígvöllum“, segir Ragnar jafnframt um dönsku hermennina

Hjalti flutti af landi brott 6

ára gamall ásamt foreldrum sínum Ragnari Haraldssyni og Sigríði Þórðardóttur og bræðrum sínum Gísla og Ingólfi, en hann á mörg skyldmennir fyrir vestan.

thelma@bb.is



Aðalfundur



Aðalfundur Skátafélagsins Einherjar – Valkyrjur verður haldinn í Skátaheimilinu fimmtudaginn 14. september klukkan 20:00.

Á dagskrá verða venjuleg Aðalfundarstörf og önnur mál. Mikilvægt er að skátar eldri og yngri fjölmenni á fundinn.

Stjórnin

Tæp 5% af hreinum skatttekjum í útrýmingu loðdýra

Ökumenn um Hestfjörð hafa undanfarið kvartað undan miklum minkagangi á veginum, sem skjóti þeim skelk í bringu og setji þá út af laginu við aksturinn. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík segir sveitarfélagið sinna útrýmingu minka afskaplega vel, hafi haft sömu tvo minkabanana á sínum snærum í mörg ár og þeir skili góðum árangri. Þetta sé hins vegar stór kostnaðarliður fyrir sveitarfélagið og nefnir hann sem dæmi að árið 2004 hafi 4.73% af hreinum skatttekjum Súðavíkurhrepps farið í útrýmingu minka og refa. Sveitarfélög víða á landinu hafi lengi reynt að fá ríkið til að koma til móts við sveitarfélögin og bera hluta af kostnaðinum við minka- og refadrápið en talað fyrir daufum eyrum. „4.73% af skatttekjum er hátt hlutfall og ef

við værum að tala um stórt sveitarfélag einsog Reykjavík yrðu þetta ævintýralega háar tölur“, segir Ómar Már, „skytturnar okkar eru með þeim afkastamestu á landinu og við köllum þá út í hvert sinn sem fréttir berast af minkagangi. Góða tíðin undanfarna vetur hefur hins vegar valdið því að minki hefur fjölgað gríðarlega og þeir hafa hreinlega ekki undan.“

Aðspurður um hvort ekki væri gróðavegur að selja leikmönnum skotleyfi á minkana segir Ómar Már að hann viti reyndar til þess að sú hugmynd hafi verið rædd í alvöru í nokkrum sveitarfélögum á landinu. „Skotveiði ýmis konar er að verða æ vinsælla sport og það væri vel athugandi að nýta þann áhuga til að fækka minkunum.“

FB



Refur.

Til sölu

Á Hlíf II Ísafirði er til sölu íbúð 301 á 3. hæð með útsýni í austur að höfninni.

Uppl. gefur Kristján í síma 895 7171.

Atvinna

Við í starfsstöð Marel á Ísafirði, óskum eftir starfsmönnum í eftirtalin störf:

Einn til tvo stálsmiði, plötusmiði eða starfsmönnum vönum smíði á ryðfríu stáli, í niðurefnun, Tig/Mig suðu, samsetningu og önnur tilfallandi störf.

Upplýsingar gefur Hákon Þorleifsson framleiðslustjóri á vinnutíma í síma 563-8403 eða 825-8403.

Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum

er 30 ára þann 5. september n.k. í tilefni þess ætlum við að hittast á Hótel ísafirði þetta kvöld kl. 19 og borða kvöldverð sem kostar 2.500 kr. Allir aðstandendur og velunnarar félagsins eru velkomnir að gleðjast með okkur á þessum tímamótum.

Vinsamlegast látið vita fyrir 4. sept. í síma 894 8263.

Stjórnin

Ákvörðun um staðsetningu sjúkraflugvélar í endurskoðun

Ekki hefur verið tekið endanleg ákvörðun í sjúkraflugsáætlun að sögn Dagnýjar Brynjólfssdóttur deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu. Sem kunnugt er stóð til að engin sjúkraflugvél yrði á Ísafirði í vetur en Dagný segir að sú ákvörðun sé í endurskoðun, en vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið að svo stöddu. Sjúkraflugi til Vestfjarða átti samkvæmt nýju fyrirkomulagi að vera sinnt frá Akureyri og hefur það vakið reiði margra Vestfirðinga sem telja að með því sé verið að minnka öryggi íbúa fjórðungsins. Þá

hafa flugmenn gagnrýnt þetta fyrirkomulag. Leifur Hallgrímsson hjá Mýflugi, sem mun sjá um sjúkraflugið, segir í samtali við Ríkisútvarpið að ekki sé hægt að horfa fram hjá því að síðasta vetur kom sú staða upp oftar en einu sinni að flugvélin fór frá Ísafirði en ekki getað komið til baka vegna veðurs. Bæði Hálf dán Ingólfsson og Hörður Guðmundsson, gamlir refir í vestfirsku flugi hafa báðir lýst yfir efasendum sínum með þetta nýja fyrirkomulag. Þá hefur bæjarráð Ísafjarðarbæjar og Bolungarvík ályktað um

málið og lagst gegn því. Í aðalatriðum snýst málið um tvö atriði. Það er staðreynd að hægt er að fljúga frá Ísafirði í mun verri veðrum en hægt er að lenda og hefur sú staða komið upp í sjúkraflugi eins og Leifur hefur bent á. Þá hafa málefni Þingeyrarflugvelli verið í brennidepli, en flutningi vélarinnar til Akureyrar var frestað síðasta vetur vegna þess að ekki tókst að ljúka framkvæmdum við Þingeyrarflugvöll fyrir veturinn. Nú er þeim lokið og völlurinn kominn í gagnnið en flugmenn segja að sáralítið hafi breyst á honum

þegar kemur að aðflugi í slæmu skyggni. Framkvæmdir á Þingeyrarflugvelli fólust fyrst og fremst í lengingu vallarins, lagningu bundins slitlags og uppsetningu ljósabúnaðar. Hálf dán Ingólfsson sagði í samtali við bb.is að eins og staðan er í dag sé mun fýsilegra að lenda á Ísafirði en Þingeyri í myrkri vegna götuljósa í Skutulsfirðinum. Farið verður í hættumat vegna GPS aðflugs til Þingeyrar á næstu mánuðum og óvíst hvenær því líkur er um mikið ferli er að ræða.

smari@bb.is



Ísafjarðarflugvöllur.

Götukort með tuttugu villum í umferð í tvö ár

Mikil óánægja ríkir á Suðureyri vegna götukorts sem gefið var út fyrir tveimur árum og innihélt þá tuttugu staðreyndavillur. Með tilkomu tjaldsvæðis á staðnum eru villurnar nú orðnar tuttugu og ein en kortið er enn í umferð. Á fundi bæjarráðs var lagt fram bréf frá Benedikt Bjarnasyni, fyrir hönd verkefnisins Sjávarþorpið Suðureyri, þar sem segir meðal annars: „Viljum við því með formlegum hætti óska eftir því að bæjarfélagið taki málið föstum tökum því núverandi skaði er þegar orðinn of mikill fyrir ferðahjónustu á Suðureyri sem og aðra sem nota kortið.“ Í fundargerð bæjarráðs segir hins vegar: „Lagt fram bréf ásamt fylgiskjali dagsett 13. ágúst sl. frá Benedikt Bjarnasyni, f.h. verk-

efnisins „Sjávarþorpið Suðureyri“, með ósk um að götukort fyrir Suðureyri sem gefið var út fyrir tveimur árum verði endurútféð m.a. vegna breytinga á framboðinni þjónustu frá útgáfudegi. Bæjarráð vísar erindinu til atvinnu-málanefndar“. Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri verkefnisins Sjávarþorpið Suðureyri er ekki sammála þessari frjálsegu túlkun bæjarráðs: „Þetta er bara ekki rétt hjá þeim. Í villa af 20 er breyting á þjónustuframboði. Þeir vilja bara ekki viðurkenna að kortið er búið að vera í dreifingu í tvö ár með 20 villum þrátt fyrir að við höfum ítrekað óskað eftir lagfæringu á þessu korti fyrir einn af byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar.“ segir Elías í bréfi til bb.is.

Hér birtist listinn yfir villurnar samkvæmt bréfi Benedikts Bjarnasonar til bæjarráðs

Núverandi villur á götukorti:

Stefnisgata er ekki teiknuð inn á kortið.

Hjallabyggð er ekki merkt inn á kortið.

Hlíðarvegur og Túngata eru ekki samliggjandi götu eins og teiknað er.

Túngata endar við fótbolta-völl, gamli þjóðvegurinn er aflagður.

Sætún tengist þjóðvegi 65 í báða enda.

Sundlaug er ekki rétt staðsett.

Tjörnin er ekki merkt inn á kortið eins og aðrar tjarnir.

Apótek er ekki starfandi á Suðureyri.

Pósthúsið er merkt á röngum stað.

Heilsugæslan er merkt á röngum stað.

Handverkshús er ekki merkt inn á kortið.

Gistiheimili er ekki merkt inn á kortið.

Veitingasala við Skipagötu er ekki merkt inn á kortið.

Veitingasala við Aðalgötu er ekki merkt inn á kortið.

Tjaldsvæði er ekki merkt inn á kortið. (nýtt)

Bensínstöð er ekki merkt inn á kortið.

Verslun er ekki merkt inn á kortið.

Sparisjóður og hraðbanki er ekki merkt inn á kortið.

Almenningssalemi er ekki merkt inn á kortið.

Símasjálfsali er ekki merkt inn á kortið.

Bátsferðir eru ekki merktar inn á kortið.

FB



Graddi í ljósum logum.

Logaði glatt í Gradda

Sem kunnugt er þá eru dagar dýpkunarprammans Gradda senn taldir en hann hafur verið þyrnir í augum margra Ísfirðinga þar sem hann lá í höfninni og grotnaði niður. Á föstudagskvöldið var pramminn notaður til æfinga Slökkviliðs

Ísafjarðarbæjar, kveikt var í honum og lagði mikinn, svartan reyk frá Suðurtanga þar sem pramminn liggur. Næsta skref í aflífun Gradda, er að hann verður tættur niður í brotajárn af starfsmönnum Hringrásar.

smari@bb.is

Frumkvöðlastuðningur

- Hefur þú hugmynd? -

Ert þú með viðskiptahugmynd sem leitt gæti til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi? *Ímpra nýsköpunarmiðstöð* vekur athygli á *Frumkvöðla- og handleiðslustyrkjum*.

Styrkir eru veittir *frumkvöðlum á landsbyggðinni* til verkefna á sviði:

- Viðskiptaáætlunar
- Einkaleyfisumsóknar
- Hönnunarverndar
- Rekstrar- og fjárhagsáætlunar
- Markaðsáætlunar

- Hagkvæmnisathugunar
- Nýnæmisathugunar
- Þróunar vöru eða þjónustu
- Prófana
- Frumgerðarsmiðar

Skilmálar og umsóknarfrestur:
Stuðningur við frumkvöðul getur numið allt að **400 þús. kr.** gegn jafnháu framlagi styrkþega.

Umsóknarfrestur er til **15. september 2006**.

Nánari upplýsingar má fá á www.impra.is eða hjá **Sigurði Steingrímssyni** í síma: **460 7972**.



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun
Borgum við Norðurlóð
600 Akureyri
Sími 460 7972
www.impra.is
sigurdurs@iti.is

Myrkur í Ísafjarðarbæ

Bæjarráði barst á fundi sínum í mánudag bréf frá Hrönn Magnúsdóttur, stjórnanda Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík þar sem þess er óskað að slökkt verði á götuljósum og öðrum ljósum í eigu sveitarfélagsins þann 28. september milli kl. 22:00 og 22:30 í tilefni opnunar dags kvikmyndahátíðarinnar. Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt fyrir sitt leyti að slökka á ljósum borgarinnar á sama tíma. Bæjarráð fól bæjarstjóra að kanna möguleika sveitarfélagsins til þátttöku.

smari@bb.is

Ísafjörður.

ERTU Á HRAÐFERÐ?

GRÍPTU MED MÉR GÓMSÆTAN KJÚKLING Á GÓÐU VERÐI



6 kjúklingabitar
og 2 litrar af Coke
á aðeins 999 kr.

Samkaup

úrval

Tilboð sé gildir fimmtudag og föstudag



25%

399

Lamborghini - blended

Úrval af helgartilboðum


Fjöldi annarra gírnilegra tilboða sem gilda 31. ágúst - 03. sept.



194

35%

**Landwirtschaftliche Universität
Kassel**



259

35%

Landmark



1.539

30%

**Lernaktivitäten
gründlicher
Bemerkungen**



20%

Copyright © 2006 by John Wiley & Sons, Inc.



199

Flaming
Cigarette m
pencil og doll
brush



Engels, Kristian +
D. A. B.




59

Pepel max og
Pepel 0.5 L
slavodba



20%

"Newest Chicago
 Visual Toy
 and Building"



29



199

1. **Introduction**

Samkaup | Úrval

[illegible]

Skemmdarverk framin í Herkastalanum



Herkastalinn.

Lögreglan á Ísafirði rann-sakar nú skemmdarverk sem framin voru í Herkastalanum svonefnda í Mánagötu á Ísafirði síðasta föstudag. Í dagbók lögreglu kemur fram að einhver hafi farið inn í húsið í leyfisleysi og valdið skemmdum á innanstokksmunum m.a. með því að tæma úr duftslökkvitækjum þar inni. Um sögufrægt hús

er að ræða en bygging þess hófst árið 1920. Hjálpræðisherinn reisti húsið og árið 1922 var stofnsett í kjallara þess „gamalmennahæli“ og mun það hafa verið fyrsta dvalarheimili aldraðra á Íslandi. Síðar rak Hjálpræðisherinn um áratuga skeið gisti- og sjómannaheimili í húsinu. Um tíma var þar einnig heima-vist Menntaskólans á Ísafirði.

Einnig var rekið öflugt safnaðarstarf í húsinu um margra áratuga skeið. Núverandi kastalaæigandi, Bernharð Hjaltalín veitingamaður, hefur leigt það út til íbúðar. Í húsinu hefur Kómedíuleikhúsið líka aðsetur og þar er einnig jóga-salur Stúdíó Dan.

thelma@bb.is

Ferðapjónustan á Alviðru í Dýrafirði 20 ára

Ferðapjónustan á Alviðru í Dýrafirði fagnaði tuttugu ára afmæli sínu í sumar. Það eru hjónin Jóna Björk Kristjánsdóttir og Helgi Arnason, bóndi í Alviðru sem eiga og reka ferðapjónustuna og hafa undanfarin ár haft eina til tvær erlendar stúlkur til aðstoðar yfir sumartímann. Þau bjóða upp á gistingu í þremur húsum 25 gistirými í allt. Helgi segir að þetta sé harður heimur og geri fólk seint ríkt en þetta sé mjög gefandi og skemmtilegt starf.

„Það héldu nú allir að við værum galin þegar við byrjuðum með þetta fyrir tuttugu árum“, segir Helgi. „Þá voru allir að veðja á minninn en við veðjuðum á tvífatu minnana við miklar hrakspár. En við höfum alltaf þótt skýrtin og kærdum okkur kollótt um það. Við byrjuðum bara með eitt hús á jörðinni Leiti, sem við keyptum af

ríkinu gagnert í þessum tilgangi. Síðan endurbættum við gamla húsið á Alviðru, sem Jóna ólst upp í og bættum því við. Síðan hefur stöðugt verið að aukast hjá okkur traffíkin nema í sumar. Við erum nú ekki búin að taka saman tölur, en þetta er lélegasta sumar í mörg ár. Júlí var afburða lélegur, en ágúst þó mun betri, svo þetta hefur ekki verið alslegt“.

Það eru mest erlendir ferðamenn sem gista á Alviðru, en þó segir Helgi að undanfarin

ár hafi Íslendingar tekið hraustlega við sér og aðsókn þeirra aukist til mikilla muna. Flestir útlendingarnir bóki gistingu í gegnum Ferðapjónustu bænda, þar sem Ferðapjónustan á Alviðru er ekki með eigin heimasíðu. Í Dýrafirði eru fallegar gönguleiðir og fjaran þykir mikið ævintýraland, segir Helgi og er ekkert á þeim buxunum að fara að draga saman seglin þótt uppskeran sé ekki mikil í krónum talið.

FB



**ORKUBÚ
VESTFJARÐA HF.**

ÚTBOÐ

Orkubú Vestfjarða hf. óskar eftir tilboðum í frágang lóðar við Tungudalsvirkjun í Skutulsfirði.

Meðal verkþátta er eftirfarandi:

Jarðvegsfyllingar í göngustíga og lóð stöðvarhússins með fyllingarefni og mold. Fjarlægja bráðabyrgðaveg yfir tún innan tjaldstæðis. Uppsteypa á undirstöðum fyrir göngubrú og niðurstetning göngubrúar. Hleðsla veggja úr flögugrjóti, hellulögn og þökulagning.

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2007, hluta verksins skal lokið haustið 2006. Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Orkubús Vestfjarða Stakkanesi 1, Ísafirði frá og með föstudeginum 1. september 2006.

Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 12. september 2006 kl. 14.00.

Orkubú Vestfjarða hf.

Leggur starfsleyfi til 12 ára fyrir Funa

Frestur til að gera athugasemdir við starfsleyfi fyrir Funa og starfsemi tengda honum rennur út á morgun, 1. september. Starfsleyfið gildir bæði fyrir sorpbrennslustöðina og urðun úrgangs við Klofning fyrir utan Flateyri. Nokkuð hefur verið um það að sorp fjúki Klofningi, en að öllu jöfnu er einungis urðað þar óbrennanlegt sorp, þó eru undantekningartilfelli eins og þegar Funi hefur verið bilaður að allt sorp hefur verið urðar þar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Funi fái starfsleyfi til 12 ára. Hægt er að nálgast tillöguna að starfsleyfinu á vef Umhverfisstofnunar.

smari@bb.is



Lagt til að Funi fái starfsleyfi til 12 ára.

RITSTJÓRNARGREIN

Lausung í meðferð fjármuna ríkisins

Í nýrri skýrslu sérfræðinga Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er bent á að umsvif íslenska ríkisins hafi þanist út á þeim tíma er draga átti seglin saman. Nokkuð undarlegt að erlenda sérfræðinga hafi þurft til að draga svo augljósa staðreynd fram í dagsljósið. Þá vekur athygli að í skýrslunni er mælt með að metið verði í grundvallaratriðum hver ávinningur okkar af stóriðju sé. Nokkuð síðbúin ábending til stjórnvalda, sem þessa dagana keppast við að sverja alla stóriðjustefnu af sér?

Ríkisendurskoðandi var ómyrkur í máli í gagnrýni sinni á agaleysi stjórnvalda í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga; nokkuð sem embætti hans hefur bent á svo árum skiptir og sem ríkisvaldið hefur haft nægan tíma til að bregðast við. Að ríflega fjórðungur fjárlagaliða síðasta árs hafi farið fram úr heimildum; að framúrkeyrslan nemur níu milljörðum og að 27 milljarða heimildir eru ónotaðar, segir meira en mörg orð um fjárlagagerðina og meðferð fjármunanna.

Fjárlög eru eins og hver önnur lög sem samþykkt eru á Alþingi. Þau ber að virða. Í ljósi þess eru viðbrögðin við gagnrýni ríkisendurskoðunar eftirtekarverð. Svar utanríkisráðuneytisins við því að draga þurfi verulega úr starfsemi sendiráða, jafnvel loka sumum þeirra, er að ríkisendurskoðun leggi ekki málið upp á réttum forsendum og því séu útreikningar hennar ekki réttir. Óneitanlega minnir þetta á viðbrögð fjármálaráðuneytisins í skattadeilunni margfrægu

þar sem því var ítrekað haldið fram að allur útreikningur annarra en ráðuneytismanna væri rangur. Í fáum orðum: Það kynnu ekki aðrir að reikna.

„Róm var ekki byggð á einni nóttu og vonandi sjáum við betrumbætur sem fyrst“ eru viðbrögð fjármálaráðherra, sem kveðst meðvitaður um vandann en bætir við að oft geti verið vandi að venja sig af ósiðum! (Mbl.4.ág.) Er ráðherrann að segja að það geti verið erfitt fyrir embættismenn að hætta að sólunda fjármunum ríkisins? Sukkið sé orðið hefð?

Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður og starfandi formaður fjárlaganefndar segir stjórnvöld verða að horfast í augu við rekstrarvanda ríkissjóðs og að við getum ekki lifað við núverandi lausung í fjárlögum. Viðvaranir EOK eru ekki nýjar af nálinni.

Þessu tengdu er rétt að rifja upp að í umræðunni um samdrátt í ríkisútgjöldum til að slá á verðbólguna fór lítið fyrir viljanum til að slá á útpennslu ríkisbáknans. Hið eina sem menn komu auga á var að fresta bráðnaðsynlegum vegaframkæmdum á landsbyggðinni; framkvæmdum sem ekki þarf að greiða fyrir nema einu sinni á meðan útblásinn ríkisreksturinn kallar árlega á stöðugt meiri pening.

Lausungin við framkvæmd fjárlaga vegur þungt á vogarskál kröfunnar um tafarlausan aðskilnað löggjafans og framkvæmdavaldsins.

s.h.

SKÓLATÖLVI



AIRIS Fartölva

- 15.4" TFT Screen
- Intel® Core™ 2 Duo Processor
- 4GB RAM
- Hard Drive 160GB
- DVD Writer
- Wireless LAN
- Webcam
- Battery Life: Up to 4.5 hours
- Operating System: Windows Vista
- Weight: 2.2kg

89.990.-



Tölvukaupalið* 3.304.-

TASKA FYLGIR



TASKA FYLGIR

AIRIS Fartölva

- 15.4" TFT Screen
- Intel® Core™ 2 Duo Processor
- 4GB RAM
- Hard Drive 160GB
- DVD Writer
- Wireless LAN
- Webcam
- Battery Life: Up to 4.5 hours
- Operating System: Windows Vista
- Weight: 2.2kg

99.990.-

Tölvukaupalið* 3.642.-




Fartölva

124.900.-

Tölvukaupalið* 4.493.-

- 15.4" TFT Screen
- Intel® Core™ 2 Duo Processor
- 4GB RAM
- Hard Drive 160GB
- DVD Writer
- Wireless LAN
- Webcam
- Battery Life: Up to 4.5 hours
- Operating System: Windows Vista
- Weight: 2.2kg



10% skilitt afvörum og 5.000 kr.

skilitt af ferðatölum hjá Office 1.

***Tölvukaupalið**

þú færð tölvunni þína tölvunni og öllum þeim fylgihlutum sem þú þarft:

- Átt að 300.000 kr. tölvukaupalið.
- Átt að 40 mánaða.
- Ekki tölvaþjálfi.
- Þú getur borgað upp lánið þessu sem þú hefur.
- Þú getur keypt fleiri tölvu sem er, hvar sem er.
- Þú getur tölvaþjálfi.
- Engin lánaþjálfi.

SPARISÖÐURINN

Afgreiðslutímar
 Office 1 Austri í Ágúst
 Fimmtudag 10-18
 Laugardag 11-18

Office1 Superstore

Slökkviliðsmenn í Ísafjarðarbæ skemmtu fjölskyldum sínum



Félag slökkviliðsmanna í Ísafjarðarbæ hélt fjölskyldugrill á slökkvistöðinni á Ísafirði á laugardag. Fjölskyldudagurinn er fastur liður annað hvert ár þegar slökkviliðsmenn, makar þeirra og börn gera sér dagamun saman. „Dagurinn snýst aðallega um að við skemmtum börnunum á meðan konurnar slaka á. Það var góð mæting í ár eða á milli 60-70 manns. Þetta er mjög vinsælt og krakkar sem voru mjög lítill þegar við byrjuðum á þessu eru enn að koma í dag þótt þau séu orðnir unglingar“, segir Maron Pétursson, formaður félagsins. Há-

punkturinn var þegar hópurinn hélt í bíltúr á slökkviliðs- og sjúkrahúsum Ísafjarðar en það athæfi vekur jafnan mikla athygli bæjarbúa.

Þrátt fyrir að dagurinn sé ætlaður fjölskyldum slökkviliðsmanna segir Maron að hann sé ekki lokaður almenningi. „Ef einhverjir hafa áhuga á að kynna sér starfið þá koma þeir bara líka. Við vísum engum frá.“ Félag slökkviliðsmanna í Ísafjarðarbæ hefur starfað í yfir 20 ár en það er opið öllum slökkviliðsmönnum í sveitarfélaginu.

thelma@bb.is



Til sölu Sunnuholt 1

Mjög fallett einbýlishús á pöllum ásamt bílskúr, frábær staðsetning og góðir nágrannar.

Tilboð óskast. Upplýsingar í sínum 893-9977 og 863-0220

Safnarabúðin

Hreinsaðu út úr kompunni eða bílskúrnum og bjóddu dótið upp á www.safnarabudin.is í stað þess að fleygja því. Það er virkilega spennandi að sjá hvort verðmæti leynast í gamla draslinu.

Mundu: www.safnarabudin.is – ódýr spenna!



● Sælkeri vikunnar • Matthildur Guðmundsdóttir í Bolungarvík

Rauðsprettu á grilli með steinseljusmjöri

Sælkeri vikunnar býður upp á grillaða rauðsprettu sem borið er fram með steinseljusmjöri. Rétturinn er mjög auðveldur í matreiðslu og ljúffengur undir tönn. Uppskriftn er ætluð fyrir fjóra. Í eftirrætt býður Matthildur upp á bláberjaeftirrætt sem á vel við á haustin þegar margir fara að tínast í berjamó. Þó bendir Matthildur á að einnig er gott að nota rífsber eða sólber.

Rauðsprettu á grilli
4 heilar litlar eða mið

lungsstórrauðsprettur
Olía
Sítrónusafi
Gróft salt

Hreinsið fiskinn en látið ugga og sporð vera á. Skolið og þerrið fiskinn og núið hann salti. Penslið rauðspretturinn með olíu og skerið smáskurði í roðið svo það verpest ekki við steikingu. Steikið á rist í 6-9 mínútur á hvorri hlið 10-12 cm frá glóðinni. Snúið fiskinum einu sinni með breiðum smurðum spaða. Ýrið sítrónusafa yfir þegar fiskurinn er fallega brúnn. Berið fram með

steinseljusmjöri og salati úr tómötum, gúrku, hráum sveppum, spínati eða höfuðsalati.

Steinseljusmjör
100-125 g smjör
4-5 msk sítrónusafi
Hvítur pipar
steinselja

Hrærið saman mjúkt smjör, saxaða steinselju, sítrónusafa og ögn af hvítum pipar. Einnig má nota 1 líftinn, rifinn lauk og/eða hvítlauksgeira. Mótið smjórið í rúllu, vefjið í álpappír og setjið í ísskápinn. Skerið kalda smjórið í þykkar sneiðar

við framleiðslu. Smjórið hæfir hvers konar kjöt-, fisk-, og grænmetisréttum.

Bláberjaeftirrættur
1 bolli haframjöl
½ bolli hveiti
¾ bolli púðursykur
½ smjörflíki
1 l bláber
1 msk kartöflumjöl
Sykur eftir smekk

Blandið saman haframjöl, hveiti og púðursykri. Myljið smjörflíki saman út í þar til allt er vel blandað. Látið helminginn af deiginu í form. Sjóðið



ber, kartöflumjöl og sykur saman og látið þykkna. Hellið í formið og látið síðan hinn helminginn af deiginu ofan á. Bakið við 200° hita í um 40 mínútur. Berið fram með ís eða rjóma. „Athugið. Mér reynist betur að skola berin

vel og strá kartöflumjöli yfir og velta berjunum vel og setja þau síðan beint á kökuna“, segir Matthildur.

Matthildur skorar á Soffíu M. Gúsafsdóttur, verkefnastjóra AtVest að koma með næstu uppskrift.



Dýrfinna Torfadóttir.

Dýrfinna sýnir í Frakklandi

Ísfirðingurinn Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður tekur þátt í hinni árlegu sýningu Foire Internationale de Caen í Frakklandi dagana 15. til 26. september næst komandi., en Íslendingar eru heiðursgestir sýningarinnar í ár. Dýrfinna mun sýna skartgripni unna úr fjörusteinum, fiskroði, hreindýrahorni, kindahorni og hrauni. „Þetta verður mjög spennandi,“ segir Dýrfinna. „Ég var auðvitað valin vegna þess hve séríslenskt efni ég nota í skartgripina, þar sem þemað var þjóðleg skírskotun. Þetta er virt og þekkt sýning og opnar ótal möguleika í markaðssetningu, en fyrst og fremst verður þetta skemmtileg reynsla og upplifun.“ Fulltrúar þeir sem valdir hafa verið frá Íslandi koma frá ýmsum framleiðslugreinum, bæði í nytjalist, þjónustu og annarri íslenskri framleiðslu sem þykir hafa þjóðlega skír-

skotun. Íslandi verður gert talsvert hátt undir höfði sýningardagana og sérstakt svæði í sýningarhöllinni verður helgað heiðursgestunum og meðal annars hafa verið hannaðir básar í anda gömlu íslensku burstabæjanna. Philippe Ricart og Dýrfinna deila saman sýningarbás en þau eru bæði búsett á Akranesi.

Sýningin er sölusýning, mjög umsvifamikil og að jafnaði eru gestir um 220 þúsund talsins.

Dýrfinna mun ekki hafa langa viðdvöl á Íslandi eftir heimkomuna frá Frakklandi, því í október er hún á leið til Berlínar þar sem hún ásamt þremur öðrum íslenskum gullsmiðum verður heiðursgestur á stórrí sýningu. Ísfirðingar eiga reyndar helminginn af þessum útvöldu gullsmiðum því einn þeirra er Guðbjörg Ingvarsdóttir.

FB

Lögreglan leit- ar að eiganda minnskorts



Mynd af kortinu.

Lögreglan á Ísafirði hefur leitað til Bæjarins besta um aðstoð við að finna eiganda minnskorts úr stafrænni myndavél sem fannst í versluninni Hamraborg á Ísafirði 27. júlí s.l. „Vonum við að einhver geti gefið okkur upplýsingar um eigandann eða að eigandinn þekki sína mynd og komi á lögreglustöðina og sæk

kortið sitt. Talsvert margar myndir eru á kortinu“, segir Önnundur Jónsson yfirlögregluþjónn á Ísafirði. Meðfylgjandi mynd er af kortinu. Myndir hafa oftast mikið tilfinningalegt gildi og því yrði eigandinn eflaust himinlifandi ef hann endurheimtir kortið. Síminn hjá lögreglunni er 450 3730.

Grímur vill auka gegnsæi stjórnsýslunnar

Opið bréf frá Grími Atlasoni, nýráðnum bæjarstjóra Bolungarvíkur birtist á heimasíðu Bolungarvíkurkaupstaðar síðasta fimmtudag. Þar þakkar hann fráfarandi bæjarstjóra, Einari Péturssyni fyrir sín störf og óskar honum vel farnaðar á nýjum vettvangi. Þakkar Bolvíkingum hlýjar móttökur og ánægjulega viðkynningu og segir síðan: „Við stöndum á tímamótum hér í Bolungarvík. Nýr meirihluti hefur tekið við og nýr bæjarstjóri einnig. Nýju fólki fylgja gjarnan nýir siðir en við eigum samt sem áður öll okkar hlut í samfélaginu. Að starfa og lifa í samfélagi krefst þátttöku og er þá hver einstaklingur er mikilvægur þátttakandi og ber ábyrgð á mótun umhverfis síns með því að vera virkur og skapandi. Bæjarstjóri og kjörnir fulltrúar hafa það hlutverk að koma vilja bæjarbúa í verk, þroska samfélagið okkar og gera það að sífellt betri stað til að búa og starfa. Með samstöðu og samvinnu getum við Bolvíkingar gert kraftaverk og komið því í verk sem við viljum. Það er stefna

nýs meirihluta að koma á virku íbúalýðræði og auka gegnsæi stjórnsýslunnar. Þetta eru háleit en mjög svo raunhæf markmið sem stefnt er að koma í framkvæmd sem fyrst – og með þeim hætti að íbúar Bolungarvíkur verði við þær varir. Með þetta að leiðarljósi hef ég störf mín fyrir sveitarfélagið.“

Grímur er þroskaþjálfari að mennt og starfaði lengi sem slíkur bæði á Íslandi og í Danmörku. Síðastliðin sex ár hefur hann rekið fyrirtækið Austur-Þýskaland, sem er umboðsstofa fyrir tónlistarmenn. Auk þessa starfaði Grímur fyrir Vinstri Græna í borgarmálapólitíkinni undanfarin ár og setið í nefndum fyrir flokkinn. Þá hefur einnig sést til hans slá bassagígu með hljómsveit Dr. Gunna. Hann tekur við bæjarstjórastólnum af Einari Péturssyni tók við sem bæjarstjóri í byrjun ársins 2003 af Ólafi Kristjánssyni sem sinnt hafði starfinu í 16 ár.

Þá hefur komið fram að Grímur fái verðlaun nái hann að fjölga bæjarbúum á meðan



Grímur Atlason.

hann situr í bæjarstjórastólnum. Ákvæði um þetta ku vera í ráðningarsamningi Gríms. Óhætt er að segja að Grímur hefur ærið starf fyrir höndum, enda hefur Bolvíkingum fækkað um 16,5% síðan 1997,

eða úr 1.093 í 913. Mest var fækkunin frá 1997 til 1998, en þá fækkaði um 75 manns. Minnst var fækkunin frá 2002 til 2003, en þá fækkaði einungis um 7 manns.

FB

Alþjóðleg kvikmyndahátíð og Pólsk menningarhátíð

Alþjóðleg kvikmyndahátíð verður haldin á Ísafirði um mánaðamótin september október í samvinnu við alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík. Nokkrar pólskar kvikmyndir verða frumsýndar á Ísafirði á hátíðinni og helgast þjóðerni þeirra mynda sem urðu fyrir valinu af því að á sama tíma verður haldin pólsk menningarhátíð um land allt. Það er Félag Pólverja á Vestfjörðum sem sér um framkvæmd menningarhátíðarinnar en Rætur, félag áhuga-fólks um menningarfjölbreytni, sér um framkvæmd kvikmyndahátíðarinnar. Að sögn Valdimars Jóns Halldórssonar, forsvarsmanns Róta er ekki að fullu frágengið hvaða myndir verða sýndar hér, en það mun skýrast á



Alþjóðleg kvikmyndahátíð og Pólsk menningarhátíð verða haldnar á Ísafirði.

næstu dögum. Meðal þess sem boðið verður upp á pólsku menningarhátíðinni er skyggusýning frá Póllandi með fyrirlestri um sögu og

menningu Póllands.

Þeir sem eru óþreyjufullir geta kynnt sér hvaða myndir verða í boði á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík

geta farið á www.filmfest.is og skoðað hvaða myndir það eru sem kvikmyndahátíðin á Ísafirði hefur um að velja.

Aðeins ein dagmamma í Ísafjarðarbæ

Á biðlista eftir leikskólaplássi á Ísafjarðarbæ eru 24 börn sem flest öll eru yngri en eins árs. Meginpartur barna 18 mánaða og eldri hafa fengið pláss og þykir ástandið því vera mjög gott. „Við miðum við að börn 18 mánaða og eldri fái pláss og það hefur tekist vel. Það er ekki

á mörgum stöðum sem börn eru að komast inn mikið yngra en það. Eins og staðan er í dag eru 24 börn á lista en það er fljótt að breytast. En okkur vantar dagforeldra fyrir þetta millibilsástand sem ríkir hjá foreldrum með börn svona 1 – 1 ½ árs,“ segir Sigurlína Jónas-

dóttir, leikskólafulltrúi á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Aðeins ein dagmóðir er starfandi í sveitarfélaginu og eins og auga gefur leið er hún þétsetin. Hefur því verið auglýst eftir dagforeldrum á skrá. Þess má geta að í Ísafjarðarbæ eru sex leikskólar;

Sólborg á Ísafirði, Tjarnarborg á Suðureyri, Bakkaskjól í Hnífsdal, Grænigarður á Flatreyri, Eyrarskjól á Ísafirði og Laufás á Þingeyri.

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um að sjá um daggæslu í heimahúsum er bent á að hafa samband við leikskólafulltrúa.

Viljum líkamsræktarn stöð sem yrði öllum til

Ólafi Halldórssyni er margt til lista lagt. Hann er sjúkrahjálfari og leiðsögumaður að mennt og starfar við bæði. Hann er einn af frumkvöðlum fyrirhugaðrar byggingar nýrrar líkamsræktarstöðvar og hefur unnið hart að því að láta hana verða að veruleika. Þá er hann hæfileikaríkur söngvari og syngur með Karlaórnunum Erni og fór í sumar með honum í ævintýrlega ferð til Póllands. Að auki sinnir hann stórrí fjölskyldu sinni eftir bestu getu en hann og konan hans eiga samtals átta börn. Bæjarins besta spjallaði við Ólaf um starfið, ástríðurnar og áhugamálin, fjölskylduna og líkamsræktarstöðina sem er í fæðingu.

„Ég og konan mín fluttum til Ísafjarðar í júlí í fyrra með fjölskylduna. Við erum bæði Vestfirðingar en hún er frá Patreksfirði og þó ég hafi fæðst í Reykjavík er ég alinn upp að mestu leyti í Dýrafirðinum, hjá móður minni og fósturpabba mínum. Hann heitir Valdimar Gíslason og hún Edda Arnholtz. Ég gekk í barnaskólann og svo héraðsskólann á Núpi. Ég var þó einn vetur í heimavistarskóla á Laugum í Dalasýslu þegar skólinn á Núpi var lokaður vegna endurskipulagningar. Ég var einn vetur í Menntaskólanum á Ísafirði en ákvað eftir það að fara suður og kláraði stúdentsnámið í Menntaskólanum í Reykjavík. Að því loknu reyndi ég við sjúkrahjálfunina en ég var ekki alveg viss hvað ég vildi gera. Þá reyndi ég líka við sálfræði en sneri mér aftur að sjúkrahjálfuninni. Ég þurfti að reyna tvisvar við prófið en það var fjöldatakmörkun og af þeim hundrad manns sem reyndu við það komust aðeins tuttugu áfram. Ég útskrifaðist sem sjúkrahjálfari árið 1997 og eitt af bekkjarsystkinum mínum var Steingrímur Þorgeirsson sem nú er sjúkrahjálfari við heilbrigðisstofnunina á Ísafirði. Hann fór beint vestur að vinna en ég fór út í það að stofna fyrirtæki með öðrum. Fljótlega sameinuðum við þetta fyrirtæki annarri sjúkrahjálfunarstöð sem hét Sjúkrahjálfun Péturs og var til húsa í World Class. Sameinuð stofnuðum við svo stöð sem heitir í dag Sjúkrahjálfun Íslands. Ég og Margrét Brynjólfssdóttir, sjúkrahjálfari og fyrrverandi konan mín, vorum hluthafar í þessari stöð og áttum 27% hlut þegar við áttum mest í henni. Þarna unnu um 20 sjúkrahjálfarar sem störfuðu á þremur stöðum; í World Class, í Álfamtáryri og í Hafnar-

húsinu við Tryggvagötu. Svo kom að því að okkur langaði til þess að flytja út á land en við vorum bæði af landsbyggðinni. Þá var laus staða á Patreksfirði svo við tókum þá ákvörðun að flytja þangað.

Við áttum þá tvær stelpur. Eldri stelpa, Edda Sól, fæddist 2. júlí 1997, sem var einmitt sami dagurinn og ég fékk sjúkrahjálfaralöggildingu á hendurnar. Saga fæðist svo árið 2000. Auk þess hafði ég verið áður í sambandi við konu á menntaskólaárunum sem heitir Guðrún Oddsóttir. Hún á dóttur fædda 1989, sem heitir Sunna, og ég hef alltaf haft samband við. Árið 2002 fæddist okkur Margrét svo sonurinn Halldór Jökull.

Það var alveg yndislegt að eiga barn á Patreksfirði. Sjúkrahúsið var vinnustaður okkar beggja, við þekktum allt starfsfólkið og við höfðum það alveg út af fyrir okkur í fæðingunni. Maður fílaði sig eins og keisarinn í Japan á sínu einkasjúkrahúsi þar sem starfsfólkið snerist eingöngu um keisarafjölskylduna,“ segir Ólafur og brosir að endurminningunni.

„Það kom að því að leiðir okkar Möggu lágu ekki sama veg og við ákváðum að slíta samvistum. Nokkrum mánuðum síðar flutti ég til Reykjavíkur og fór að vinna á sjúkrahjálfuninni Gáska. Ég hafði þó alltaf haft áhuga á leiðsögn og hafði sinnt því starfi lítillega í gegnum tíðina. Ég hafði þá bæði tekið að mér hópa á eigin vegum ásamt því að vinna fyrir ferðaskrifstofur. Sjálfur hafði ég líka ferðast mikið um Ísland allt frá barnsaldri. Ég ákvað því að fara í Leiðsöguskóla Íslands. Það þýddi kvöldskóla í eitt ár, en þó ansi þétt nám og ekki ráðlagt að fara út í það með fullu starfi. Ég ákvað samt að gera einmitt það og þar sem ég var



þá einn hentaði það ekki illa. Það gekk sem sagt mjög vel og ég útskrifaðist vorið eftir. Ég hafði byrjað að vinna aðeins við þetta um veturinn en jók það eftir að ég útskrifaðist. Ég nýt þess mun meira eftir að ég fór í námið. Í sumar hef ég verið að vinna hjá Vesturferðum og farið norður á Hornstrandir með hópa. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt starf. Það er líka fín tilbreyting að vera ekki bara bundinn við sjúkrahjálfunarbekkinn.

Systir mín, Hildur Halldórsdóttir, er líka leiðsögumaður ásamt því að kenna í Menntaskólanum á Ísafirði. Hún býr á Flateyri ásamt þremur dætrum og er deildarstjóri Raunvísindadeildar. Hún byrjaði fyrst að vinna við leiðsögu-störf á Mývatni 16 ára gömul og við gefum hvort öðru upplýsingar varðandi starfið. Við erum mjög samrýnd og góðir vinir þrátt fyrir að það séu tæp sjö ár á milli okkar. Aldursmunurinn hverfur þegar maður er orðinn fullorðinn, það er nú einu sinni bara þannig.

Ég stefni á að vinna við sjúkrahjálfun á veturna og nýta megnið af sumrinu í að vera með fjölskylduna og leiðsegja. Svo detta inn verkefni af og til yfir vetrartímann líka.“

Best að vera heima á Vestfjörðum

– Hvernig kynntist þú núverandi konu þinni?

„Ég ákvað að fara til Patreksfjarðar um sjómannadagshelgi. Ég hafði flutt burt frá börnunum mínum til Reykjavíkur sem var ofsalega erfitt því ég var ákaflega hændur að þeim og þau að mér. Ég tók samt þá erfiðu ákvörðun að gera það og byggja mig upp og sjá hvaða stefnu ég ætlaði að taka í framtíðinni. En sem sagt ég fór vestur að hitta börnin mín og á barnaballi kom ég auga á þessa gullfallegu konu, sem heitir Katrín Líney Jónsdóttir, og ég bara gat ekki slitið mig frá henni eftir það. Við höfum verið saman síðan. Hún á fjögur

börn og ég þrjú auk fósturdóttur minnar, svo að í heildina höfum við átta börn á bak við okkur.

Katrín er alveg ótrúleg og við erum mjög lík að mörgu leyti. Við erum miklar hamhleypur og þurfum alltaf að vera á fullu í öllu. Við smitum því hvort annað af þessu. Ég sagði henni að ég væri á leiðinni heim því mér fyndist best að vera heima. Þó að það væri mjög gaman að vera á Reykjavíkursvæðinu og ýmislegt um að vera þar þá hefði ég alltaf þessa tilfinningu að mikið ofsalega væri gaman að vera kominn heim. Þegar ég hafði sagt henni hvernig mér leið sagði hún að henni væri sama hvar hún væri bara svo lengi sem hún væri með mér. Og hér erum við nú“, segir Ólafur og brosir út að eyrum.

„Við ákváðum því að flytja heim. Við bjuggum þá saman í Hafnarfirði en hún hafði verið stödd á Patreksfirði á 20 ára fermingarafmæli þegar ég hitti hana. Það er okkur báðum mjög mikilvægt að sinna fjöl-

skyldunni sem best og börnin mín þrjú koma frá Patreksfirði aðra hvora helgi, svo lengi sem er fært á milli. Það er náttúrlega stopulla á veturna. Þau voru hjá okkur allan júlímánuð svo það var ofsalega mikið fjör heima hjá okkur.

Yngsta barnið er þriggja ára og það elsta 17 ára og hin allt þar á milli. Þetta er jafn misjafnir einstaklingar og þeir eru margir. Allt afskaplega indællir krakkar. Við gerum okkar besta og þetta hefur gengið mjög vel.“

– Er ekkert erfitt að vera í því sem ég get ímyndað mér að sé krefjandi starf og sinna þessu umfangsmikla fjölskyldulífi?

„Jú, þetta er erfitt. En þessi eldri hafa fengið að koma með í leiðsöguverkefni af og til. Stundum er maður líka ekki að vinna eins mikið og þetta hefur allt saman þúlast saman. Stóru krakkarnir hafa fyllt upp í eyðurnar með þössun þegar við höfum bæði þurft að vera vinna í sumar. Sú elsta sem er heima er 16 ára og þau næstu í aldrí 12 og 13 ára. Þau hafa verið mjög hjálpleg.

Kata hefur sagt mér það sjálf að hún hefði aldrei trúað því hversu gott það er að búa á Ísafirði. Hún tók þó mjög vel í hugmyndina á sínum tíma, var jákvæð og fannst þetta ofsalega spennandi. Krakkarnir þurftu að vísu lengri aðlögunartíma eins og gengur og gerist. En okkur líður ofsalega vel á Ísafirði og hér viljum við vera. Fólk tók líka svo rosalega vel á móti okkur, það var frábært. Það hreinlega tók okkur fagnandi og það var frábært að finna fyrir þessari vestfirsku gestrisni sem er alveg sérstök. Það er sama hvar maður kemur á Vestfjörðum þá er gestrisnin einstök.“

Líkamsræktarstöð samstarfsverkefni Ísafjarðar

„Þegar Steingrímur fór vestur að vinna eftir skólann sagði ég við hann að ég myndi nú einhvern tímann snúa aftur heim og þá ætluðum við okkur stóra hluti. Við ætluðum að koma á fót íþróttamiðstöð. Þannig að við höfum gengið með þessa hugmynd í maganum lengi og rætt það mikið hvernig best væri að hrinda henni í framkvæmd. Eftir að ég flutti hingað tókum við upp þráðinn og förum að ræða

nið- sóma



Þessi áform. Við komumst fljótt af því að það var fullt af áhugasömu fólki sem vildi sömu hluti. Þörfin fyrir betri sundaðstöðu var orðin mikil. Sundhöllin er barn síns tíma, opnuð 1946, orðin illa farin og komin til ára sinna. Þar af leiðandi yrði mjög kostnaðarsamt að gera við hana eins og þyrfti. Auk þess þjónar hún ekki tilgangi sínum lengur af því hún er of lítil miðað við viðmiðin í dag. Hvort sem um er að ræða skólasundið, sundfélagið eða almennt. Opnunartíminn eins og skipulagið er í dag er afskaplega stuttur. Vel flestir íbúar bæjarins nýta sér ekki sundaðstöðuna héra.

Við vissum vel að svona framkvæmd yrði mjög kostnaðarsöm en þetta er nauðsynlegt. Til þess að byggingin verði sem ódýrust og hagkvæmust teljum við best að sett sé á stofn íþróttamiðstöð svo að aðstöðurnar séu ekki dreifðar út um allan bæ. Þannig væri hægt að samnýta aðstöðuna betur. Þetta skapar miklu meiri stemmingu að hafa allt á sama stað. Einnig gerir þetta fyrirkomulag það að verum að það er hægt að komast hjá alls kyns aukakostnaði eins og varðandi búninga- og aðstöðu.

Við vorum sammála um það að algjört lágmark væri að fá 25 metra laug, þar sem að styttri laug er ekki lögleg keppnislaug. Þar af leiðandi væri ekki hægt að hafa tekjur af sundlauginni sem myndu annars koma af mótahaldi. Þá myndum við vera að skerða nýtingu laugarinnar. Okkur fannst líka mikilvægt að með sundlauginni væri góð útiðstaða, þ.e.a.s. góðir pottar, góð sólbaðsaðstaða og vaðlaug fyrir börnin. Þannig mætti nýta þetta sem nokkurs konar skemmtiaðstöðu fyrir fólk en inni væri keppnislaug þar sem fólk geti synt. Þar myndi einnig fara fram skólasund jafn- hliða því sem laugin væri opin

almenningi, eins og víða er gert. Þannig verður nýting laugarinnar betri.

Það varð að finna einhvern flöt á því að miðstöðin yrði ekki of lítil en heldur ekki of stór, og nýttist sem best. Við teljum að það að setja þetta allt saman í einn pott stuðli að aukinni hreyfingu og þar af leiðandi heilbrigði í samfélaginu. Heilsuþæringin Ísafjörður yrði því virkari. Með því að tengja þarna inn líkamsræktarstöð ásamt sjúkrahjálfunum næðum við betri árangri með sjúklinga okkar, auk þess að stutt væri fyrir íþróttafólk sem væri í undirbúningsþjálfun í líkamsræktarstöðinni til að nýta sömu aðstöðu eftir þörfum. Það er því vel mögulegt að þetta myndi skapa hringrás sem auðveldaði fólki að fara úr sjúkrahjálfuninni yfir í líkamsræktarstöðina til áframhaldandi uppbyggingar eða fara í sundlauginna. Að hafa allt á sama stað hindrar að heildarmyndin skerðist.

Okkur Steingrími fannst þetta vera frábær hugmynd og sem betur fer var fjöldi fólks sammála okkur. Við höldum stóran borgarafund, ásamt félögum okkar, og kynntum verkefnið fyrir fólki og það var mjög vel tekið í þetta. Þetta hefur gengið hægar en við vonuðumst til því við vonuðum að allt yrði komið á fullt í sumar og miðstöðin yrði tilbúin að ári fyrir næsta ferðamannasumar. En þetta er allt í eðlilegum gangi. Kosningarnar eru nýafstaðnar og sveitarstjórnarmenn fóru í sumarfrí eins og aðrir. Þá gerist nú ekki mikið á meðan, en nú fer fólk að koma úr frúm og þá fara hjólin virkilega að snúast.

Hlutfjársofnunin er þegar farin af stað og við hvetjum alla sem hafa áhuga á verkefninu að leggja því lið. Við sem höfum mest verið að vinna að því að ýta verkefninu úr vörum er ég og Steini, Sævar Óli Hjörvarsson, Úlfur Úlfarsson,

Sigurður Óskarsson, Hermann Níelsson, Árni Heiðar Ívarsson og nú hefur Ólöf Hildur Gísladóttir bæst í hópinn en hún vinnur að hlutfjársofnuninni. Við lögðum mikla áherslu á það að stofnað yrði almenningshlutfélag því við vildum ekki vera skuldsetja einhverja fáa einstaklinga heldur hafa þetta breiðan hóp og vinna þetta í samvinnu við bæinn. Þannig geta allir litið á verkefnið sem sitt og séð að við erum að byggja okkar aðstöðu til framtíðar. Ef allir leggjast á eitt næst fjármagn svo ekki þarf að seinka t.d. tekjakaupum o.s.frv. Þegar stöðin er komin upp. Við vildum að miðstöðin væri vel búin og að sómi væri að henni, bæði fyrir okkur hér heima og gesti.“

Saltnámur og útrýmingabúðir

„Sumarið hefur verið mjög viðburðaríkt hjá mér en auk þess að vinna að líkamsræktarstöðinni hefur verið mikið að gera í leiðsögumennskunni. Ég hef reynt að nota tímann sem gafst til þess að vera með fjölskyldunni. Ég og Kata ákváðum því að vera bara heima á Ísafirði og höfum því litið sem ekkert ferðast. Að vísu fórum við í mjög skemmtilega ferð til Póllands með Karalakórnum Erni.

Ég hef mikinn áhuga á söng og hef sungið mjög mikið í gegnum tíðina. Ég er alinn upp við það og það hefur alltaf fylgt mér. Ég syng þessa dagana fyrsta tenór hjá Karalakórnum Erni en áður en ég flutti heim söng ég með Karalakór Reykjavíkur og Raddbanda-félaginu sem er minni karlakór. Það er mjög skemmtilegt að syngja með karlakór, það er alveg sérstök stemmning yfir því.

Í sumar fórum við félagar í Karalakórnum Erni í söngferð

til Póllands, ásamt mökum. Það var alveg stórkostlegt. Við heimsóttum Kraká og Zakopane í suður Póllandi. Við vorum þar í vikutíma en kórstjórinn okkar, Mariola Kowalczyk, og undirleikarinn okkar og systir hennar, Elzbieta, eru frá Suður-Póllandi og þær sýndu okkur staðinn. Tónleikarnir gengu mjög vel og við eflumst við hverja raun. Síðustu tónleikarnir voru bestu tónleikarnir sem ég hef sungið með Karalakórnum Erni. Við heimsóttum líka saltnámurnar rétt fyrir utan Kraká og höldum tónleika þar. Þessar námur eru mjög frægar en þar hefur verið unnið salt síðan á 13. öld og enn er verið að því en í mun minna mæli en áður var. Við gengum um námurnar í tvo klukkutíma og sýningarsvæði var u.þ.b. 1% af heildarstærð námanna. Svo gríðarlega stórar eru þær og ná 135 metra ofan í jörðina. Við gengum frá toppi og niður á botn og tókum lyftu upp. Það eru um 50 kapellur í námunum og allt þar inni er gert úr salti fyrir utan stiga og innréttingar, en allt frá stytum og ljósakrónum er skorið í saltstein. Allt sem er úr tré verður grjóthart en skipta þarf öllum málmi út reglulega því að saltið tærir hann upp. Það var alveg ofsalega fallegt og sérstaklega gaman að koma þangað. Einnig var það einstök reynsla að syngja þarna en mjög erfið því að bergmálið er talsvert.

Við heimsóttum líka annan stað sem var nú ekki eins huggulegt, en áhrifamikill engu að síður, en það eru útrýmingarabúðirnar í Auschwitz. Það var mjög átakanlegt. Nokkrir í hópnum höfðu áður komið þangað og þeir vildu ekki fara aftur, og ég verð að segja að ég er sammála, ég hefði ekki viljað sleppa þessu en hef ekki löngun til þess að upplifa þetta aftur. Þarna voru til sýnis alls kyns munir frá

fólkinu sem var þarna í búðunum; föt, skór og meira að segja sekkir af mannahári. Það var allt nýtt sem hægt var af þessu fólki. Á þessum stað dó á milli 1.100.000 til 1.500.000 manns. Það var ólýsanleg reynsla að ganga inn á þennan stað í gegnum hliðið þar sem merkið fræga blasir við og segir: Arbeit Macht Frei. Sem hægt er að þýða: „Vinnan færir þér frelsi.“ Þetta skilti hefur maður margoft séð á ljósmyndum og í kvikmyndum. Sumir fengu nóg strax en aðrir þraukuðu allan túrinn. Þetta var mjög sterk upplifun.“

Pólland frá fyrstu hendi heimamannsins

Við fórum síðan upp í fjöllin til Zakopane. Þar eiga þær Ella og Mariola aðra systur, sem heitir Anna, og er fræg óperusöngkona í Póllandi og þær sungu allar saman fyrir okkur. Þær sýndu okkur líka heimilið þar sem þær ólust upp og leiðið hjá pabba þeirra sem féll frá fyrir nokkrum árum. Við sungum svo í tónlistarskólanum sem þær gengu í. Þrátt fyrir að við hefðum ekki nægan tíma til að kynnst svæðinu nægilega vel þá mátti strax sjá að þetta er alveg yndislegur staður. Þegar við komum þangað var frekar kalt og nánast snjókoma, en við vorum þarna í byrjun júní. Daginn eftir var aftur á móti kominn 25 stiga hiti og sól og þannig hélt það þessa tvo daga sem við dvöldum þar. Við gistu á fjögurra stjörnu hóteli sem heitir Belvedere og einnig skíðahótel á vetrum. Við Kata erum ákveðin í að koma þangað aftur að vetri til því að það er örugglega alveg frábært að skella sér á skíði þarna.

Pólland er ofsalega skemmtilegt land og Pólverjar er mjög gestrisnir. Þeir eru líka

snillingar í mat og drykk og sérfræðingar í vodka, hvort sem það var hreint eða blandað ýmiskonar, t.d. með hindberjum, kirsuberjum eða hunangi. Við fengum líka að kynnst Póllandi frá fyrstu hendi heimamannsins. Við fengum að skoða hluti sem við hefðum ekki annars gert sem venjulegir ferðamenn. Við fengum að upplifa pólska stemmningu í gegnum þau sem eru þaðan, og það var mjög gaman.“

– Hvert er svo framhaldið hjá þér eftir þetta viðburðaríka sumar?

„Varðandi framtíðarplönin þá ætlum við að vera áfram á Ísafirði. Hér líður okkur vel, hér er allt til alls og það er stutt í Dýrafjörðinn. Það eru vandfundnir fallegari staðir að mínu mati en Dýrafjörður í svartalogni, með vestfirsku alpana sem gnæfa tindóttir sunnan fjarðar. Það er hreint út sagt alveg stórkostleg sjón. Það er því stutt heim og stutt í allt sem maður þarf.

Ég hef gaman af því að leiðsegja á Hornströndum og það verður gaman að sjá hvað kemur út úr þessu verkefni okkar með líkamsræktarstöðina. Hvort það verði ekki eins og trú okkar er að þetta verði heillavænlegt fyrir alla. Ég hef það á tilfinningunni að allir séu mjög spenntir fyrir þessu og tel að við munum njóta góðs af. Bæði fyrir okkur sem búum hérna og fyrir Ísafjörð sem ferðamannastað. Einnig gerir þetta bæinn okkar meira spennandi fyrir þá sem vilja flytja hingað. Þetta er punkturinn yfir i-ð. Við eigum góða skóla, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi auk þess sem við erum að undirbúa skóla á háskólastigi. Góða íþróttaaðstöðu og margt fleira. Ég er mjög spenntur að sjá hvernig framhaldið verður,“ segir Ólafur og óhætt er að telja að hann er ekki einn um það.

– thelma@bb.is

Smáauglýsingar

Til Sölu er lítið einbýlishús með áföstum fiskihjalli að Skólaveg 1 Hnífsdal. Húsið er nýmálað að utan, með nýuppgerðu baðherbergi og annað í ágætu standi. Selst helst með innbúi og búsaðöldum. Upplýsingar gefur Erna í síma 869-4566

Á einhver nothæfan spennu-breyti fyrir Motorola Associate 2000 NMT farsíma, ca 12-15 ára gamlan? Vinsamlega hafðu samband við Katrínu eða Grétar í síma 456 3505.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Sér inngangur og sameiginlegt þvottahús með annarri íbúð. Upplýsingar í síma 587 0800 og 867 4832.

Grár fressköttur hvarf frá Seljalandi 16, á þriðjudaginn. Ef einhver hefur orðið hans var eða veit hvar hann er niður-kominn þá endilega hafið sam-band í síma 868-7648.

Einstæð móðir með tvö börn óskar eftir fjögurra herbergja íbúð til leigu nálægt skólanum. Uppl. í síma 848 6013.

Til sölu nýleg lítið notuð Carena barnakerra. Uppl í síma 899 5319.

Ungur maður óskar eftir lítilli íbúð á leigu þar sem leyfist að hafa hund. Reglusamur og drekkur ekki. Uppl. í síma 895 6004.

Til sölu stofusamstæða. Upplýsingar í síma 895 7653.

Þvottavél óskast fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 845 6525

Til sölu Subaru Legacy árg. 2003 ekinn 54 þús. Toppeintak. Uppl. í síma 898 9994.

Til sölu tempur rafmagnsrúm, 90x200 cm. Þráðlaus fjarstýring, 5 ára. Uppl. í síma 693 3238.

Til sölu Subaru Legacy árg. '03, ekinn 54 þús. Einn eigandi. Nánari uppl. í síma 898 9994.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Uppl. í síma 846 2690.

Til sölu Galopper jeppi, dísel árg. '98. Nýlega skipt um vél sem er keyrð ca. 70 þús. km. Nýleg vetrardekk fylgja. Ásett verð 380.000. Uppl. í síma 848 6042.



Mugison á tónleikunum í Götu. Ljós: Jógvan Andreas á Brúnni.

Ferðin til Götu - með hljómsveitinni Mugison

Ég sat við borð á Reykjavíkurflugvelli, nýbúinn að gúffa í mig hamborgara og frönskum. Klukkan var að nálgast átta; ég hafði flogið beint suður eftir vinnu á föstudegi. Það var kveikt á tölvunni og ég meitlaði í RADEON X700 skjáinn öll þau nafnorð sem ég mundi og reyndi að sjá hvort ég kannaðist við nokkuð af þeim. Áætlanarfluginu mínu til Færeyja hafði verið seinkað. NEXT INFO 21:30 – og ég hafði ekkert betra að gera en að slá dauðar svermandi flugurnar í höfði mér til að drepa tímann.

Rétt um það leyti sem ég var að verða uppiskroppa með nafnorð; hafði hugsað allt sem hugsa mátti á íslensku, sá ég



Greinarhöfundur flytur ljóð í Backstage-höllinni í Götu. Ljósmynd: Ole Wich.

hvar sjálfur Örn Elías Guðmundsson, poppstjarnan Mugison, kom trítlandi út úr einu horninu með sinn gítarinn undir hvorri hendi, brosandi út að eyrum eins og því sem næst alltaf. Hann bauð mér

upp á bjór af flugvallarbarnum, og sagði mér nýjustu fréttir. Barni og konu heilsaðist vel, lagasmíðar aldrei verið betri, iðaði í skinninu að flytja vestur sem allra allra fyrst. Við höfðum ekki spjallað

lengi þegar hljómsveitin mætti, rokkhundarnir Guðni Finns-son, sem hamrar bassagígju, og Arnar Gíslason, sem lemur húðir, og Birgir Birgisson sem rennir sleðum hljóðborðsins fram og aftur af fádæma einbeitingu og listfengi. Við sátum við stórt borð í miðjum flugsalnum, á næsta borði við söngkonuna Reginu Ósk, sem sat ein og malaði í símtól, og höfðum uppi vinalæg dólgs-læti. Menn skiptust á að skella í sig hamborgurum og bjór, skjótask út í smök og segja sögur.

Þegar klukkan var orðin hálf tíu breyttist róteringin þannig að nú skiptumst við á að skjótask að upplýsinga-borðinu til að fá sömu upplýs-

ingarnar ítrekað án þess nokkur okkar kærði sig um að trúa sendiboðunum. Það var búið að flytja flugið til Keflavíkur, og seinka því til klukkan 5 um nóttina. Við vorum suðandi eftir nokkra bjóra og eng-an okkar langaði til að fara að sofa, til þess eins að vakna klukkan 2, taka rútu klukkan 3 og mæta í flug klukkan 4. Ráðþrota sulluðum við einum bjór til ofan í kokið á okkur. En brátt skipaðist nýtt veður í lofti, við vorum komnir með plan.

Planið: Herra Rokk

Ein hljómsveit og ljóðskáld pöntuðu sér leigubíl, tóku krók á leið sína heima til móður eins rokkarans þar sem sóttir voru tveir kassar af bjór. Þaðan var svo brunað beinustu leið heim til Keflavíkur. Leigubíllinn staðnæmdist fyrir framan fallegt steinsteypuhús, sögufrægt hús. Þetta hús keypti Rúnar Júlíusson, herra Rokk, á sínum tíma fyrir peningana sem hann þénaði með Hljómum í denn. Þá var hann, eins og sagan segir, í vinsælustu hljómsveit á Íslandi, í landsliðinu í fótbolta og trúlofaður ungfrú Íslandi. Í dag rekur hann hljóðver í kjallaranum.

Við bögnuðum upp á fullir lotningar, enda staðurinn bæði Mekka og Graceland, og honum ber að sýna tilhlýðilega virðingu. Þegar Rúnar kom til dyra hafði Örn Elías orðið, enda kurteisastur af okkur, og spurði herra Rokk hvort hægt væri að fá hljóðverstíma hjá honum svo seint á föstudagskvöldi. Þannig væri mál með vexti að við værum veður-tepptir vegna þoku í Færeyjum, og þyrftum að drepa fáeinar klukkustundir. Rúnar veitti umbeðna hljóðverstíma með bros á vör, af alunkunni velvild sinni til manna, og fyrr en varði var sveitin byrjuð að hnoða saman hljóðrásun í glænýtt meistarastykki. Á meðan sat undirritað ljóðskáld og blaðamaður á rassgatinu og starði á kakofónískar teikn-

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hryðjuverkaógn á Ísafirði?

Sennilega finnst flestum þessi tilhugsun fáránleg. Vonandi er hægt að svara þessari spurningu neitandi. Áhrif hryðjuverka teygja sig víða. Áþreifanlegar afleiðingar er að finna á Ísafirði. Girðingar í Sundahöfninni, eru dæmi þess að hryðjuverk og hættan af þeim, hin yfirvofandi ógn, kemur fram í ýmsum myndum, líka í smábæ úti á Íslandi, norður í höfum þar sem fólk hefur lifað í friði hvert við annað á þriðju öld og alvarlegasta ógnin sem fólki hefur stafað af mannavöldum er að umgangast náttúruna á of frjálsglegan hátt og ýta til hliðar þeim ógnunum sem af henni stafar, neita einfaldlega að horfast í augu við að stundum skapar náttúra Íslands mikla hættu. Að sjálf-söguð ber að hafa þann fyrirvara á að oft verða þústrar með mönnum þegar skemmtanir eru sóttar full stíft með Bakkus við stýrið í öllum skilningi.

Hið athyglisverða er að afleiðingar hryðjuverka birtast lævislega og verða partur af daglegri tilveru allra. Nægir að taka flugið sem dæmi. Íslendingar hafa aldrei flogið meira í áætlanarflugi en nú. Það er mikilsverður hluti af efnahagslífi landsmanna og hluti af frístundanoftkun, að fljúga úr landi, skoða heiminn eða liggja á sólarströnd, ná á sig lit og njóta þess sem útlönd hafa að bjóða. Eftir 10. ágúst síðastliðinn sækir þessi ógn enn að okkur með hertu eftirliti með flugfarþegum, að minnsta kosti í millilandaflugi og hver veit hvenær harðnar enn í innanlandsfluginu líka. Eftir 11. september 2001 fyrir tæpum 5 árum var eftirlit hert og virðist nú ekki lát á. Það er

harkalegt að byrja sumarleyfisferð á þann veg að fólki líður eins og brotamaðni, sem annað hvort hefur gerst sekur um glæp eða er grunaður um slíka hegðun. Eitt sinn gengu flugfarþegar um borð í flugvélar á leið milli lands-hluta á Íslandi og engum datt í hug að skipta sér af því hver það var, svo fremi viðkomandi hefði keypt flugmiða og fengið brottfararspjald. Nú skal hver maður sýna rétt skilríki til að sanna á sér deili.

Hvort heldur farið er í ferð til skemmtunar eða viðskipta til annarra landa gengst ferðamaðurinn undir stranga skoðun á sjálfum sér og farangri sínum og hugmyndin um að ferðast eingöngu með handfarangur er dauð vegna ógnarinnar af hryðjuverkum. Allt skal í innritaðan farangur. Enn megum við fljúga til Reykjavíkur með handfarangur, svo fremi við sönnum á okkur deili. En hversu lengi fær það staðist? Það er undarlegt að koma á Sundahöfn og sjá afleiðingar hafnaverndar. Girðing skilur þá sem fara frá borði eða um borð frá öðrum hluta hafnarsvæðis. Starfsmenn skulu bera skilríki og heimilt er að leita á gestum og gangandi. Hér er afar skýrt dæmi afleiðinga hryðjuverka um allan heim.

Sakleysi Ísafjarðarhafnar er fyrir bít. Sama mun gerast á fleiri sviðum daglegs lífs eftir því sem hryðjuverkum fjölgar og gerendur verða verri viðskiptis. Hið einfalda og saklausa hverfur og heimurinn harðnar, líka á Ísafirði.

ingar myndast á tölvuskjánum og spjallaði við Bigga hljóðmann, sem sat mínum megin við glerið, og barnabarn herra Rokks. Ég hugsaði til G!-festival, til Götu, og mundi til þess að hafa sem barn lengi haldið að þrándur væri samheiti fyrir vegartálma. En bærinn Gata í Færeyjum er einmitt fræg fyrir að þaðan er hinn frægi Þrándur í Götu, sem segir frá í Færeyingabók. Þrándur var höfðingi í Færeyjum sem reyndist norskum kristniðum ansi óþægur ljár í þúfu (hvort Ljár í Þúfu er Færeyingur, veit ég aftur ekki).

Um nóttina var farið í leiðangur um rökkur Keflavíkur, menn nærðust fyrir ferðalagið sem var fyrir höndum og litu við á barnum þar sem rokkstjörnurnar veittu æpandi ungviðinu eiginhandaráritanir aður en haldið var til móts við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Bannað að sofa

Í anddyri flugstöðvarinnar mætti okkur enn ein seinkunin, í þetta sinnið um tvær klukkustundir og fimmtán mínútur. Vélin, sem þegar hér er komið sögu hafði þvælst um veröldina alla, hafði víst setið föst í Grænlandi nokkuð lengur en til stóð. Þar sem okkur var meinað um inn göngu inn á fríhafnarsvæðið lögðumst við til svefns á gólfinu, úrvinda af þreytu enda komið nálægt morgni. Fljótlega vorum við hins vegar trúf-laðir af stúlku á hlaupahjólí sem tjáði okkur að hér gætum við ekki sofði enda væri von á ferðamönnum sem gætu séð okkur sofandi og myndu vísast aldrei bíða þess bætur. Rokkstjörnurnar, sem voru vanari en ég í að óhlýðnast, lögðust aftur til svefns á meðan ég opnaði annan bjór og fór út á stétt að reykja.

Ég sat á götustólpa þegar sjálft Vogaskáldið, Einar Már Guðmundsson, hringdi og spurði hvar við værum, hvað væri að gerast – yrðu Færeyjar? Einar Már var bókaður, líkt og undirritaður, á bókmenntaupplestur í Götu, sem var hluti af dagskrá G!-festival. Ég játti öllu saman og reyndi að kyngja gormælginni meðan ég sagði sögu næturinnar og bólvaði stúlkunni á hlaupahjólínu.

Nokkru síðar vakti ég rokkstjörnurnar með þeim skilaðum að okkur væri líklega hollast að drífa okkur í röðina, áður en hún myndaðist. Í framhaldinu skálmuðum við í fullum herklæðum að afgreiðslu-deskinum, með gítara og bassa, íhluti úr trommusetti, kassa fulla af ókennilegum hljóðgervlum og axlatöskur sem geymdu fartölvur. Við vorum rétt komnir að deskinum þegar birtist stúlka sem spurði hvort við værum að fara til Færeyja, sem við auðvitað játtum. Stúlkan virtist ekki vera sérlega gefin fyrir einhver formlegheit og rétti okkur einfaldlega farþegaskrána og bað okkur vinsamlegast að krossa við nöfnin

okkar og ganga inn í tollskoðun.

Tollararnir voru eitthvað hrifnari af veseni en afgreiðslustúlkan og lét okkur losa beltin og tæma vasana, lyfta upp höndunum og leika alls kyns hundakúnstir. Við geifluðum saman á okkur svefn-drukknun andlitunum til að virðast sæmilega viti bornir, og var svo hleypt inn í flugstöðina.

Eftir eins og einn bjór til viðbótar lögðumst við svo til svefns á bekkjum úti í horni nálægt hliðinu okkar. Það voru enn um fjörutfu mínútur í að opnað yrði út í flugvél, og við töldum að okkur ætti að vera óhætt að fá okkur stutta krífu.

Ég vaknaði við lágvært píp-hljóð sem ég þóttist kannast við. Í símanum stóð að ég ætti ein skilaboð í talhólfinu mínu. Ég leit á klukkuna, sem var sjö, fékk lágvært og lítilmótlegt taugaáfall og stökk svo á fætur með látum. „Ræs!“ gólaði ég út í loftið og fann að ég var í spreng. Á meðan rokkstjörnurnar skriðu á fætur hljóp ég á klósettið og þaðan eins og fætur toguðu beint að hliðinu þar sem síðustu farþegarnir voru að fara í gegn. Þeirra á meðal var Vogaskáldið sem tjáði mér að hann hefði verið að reyna að hringja í mig.


Með glóðaranga á stærð við kótiletu

Það síðasta sem ég man aður en við fórum í loftið, og hófum rétt rúmlega klukkustundar flug til Vága í Færeyjum, var að ég ætlaði fjandakornið ekki að sofa af mér flugvélarminatinn. Næst rankaði ég við mér þar sem við stóðum við feriband í Færeyjum og biðum eftir töskunum okkar.

Í leigubílnum til Götu mátti heyra óskir bílstjórans um að Íslendingar færu allir norður og niður, hafandi keypt upp einhver ósköp af eignum og fyrirtækjum á eyjunum, undir vingjarnlegu spjalli Vogaskáldsins, sem kominn var til Færeyja ásamt syni sínum sem var jafn ör og pabbi hans var yfirvegaður. Ég man til þess að hafa velt því fyrir mér hvort Einar hefði sjálfur verið svona í þá daga er hann mátti heita konungur íslenskra götusala-ljóðskálda, seldi víst bækur í tonnatali á öllum götuhornum, kaffihúsum, vinnustöðum og fólksflutningabírfreiðum. Ég man til þess að hafa fundist það sennilegt.

Eftir um klukkustundar keyrslu undir færeyskri þöku komum við til Götu, sem var líkt og hernuminn af rokkþyrstum vampírum. Fyrsti maðurinn sem við greindum úr þvögunni skálmaði illilegur á svip út úr hópnum og niður götuna. Hann var með glóðaranga á stærð við kótiletu í fésinu og þrammaði áfram í gegnum hópna af brosandi fallægum stúlkur.

Við væfluðumst um í leigubílnum stundarkorn á meðan



Vogaskáldið Einar Már Guðmundsson las upp úr verkum sínum. Ljósmynd: Ole Wich.

rannsókn fór fram á því hvar við ættum að vera og hvert við ættum að fara. Við komum við á hverri rokkskrifstofunni á fætur annarri, þar sem við vorum kyrfilega reyrdir í arm-bönd sem áttu að hleypa okkur allt sem við þráðum að komast, inn á svæðið, inn á tónleika, baksviðs, í bjórtjöld, heim og að heiman. Að lokinni gríðarlegri skriðfinnsku hurfu rokkstjörnurnar í bólið, á meðan ég var leiddur á heimili þar sem mér var tjáð ég gæti sofði.

Það var rétt ríflega hádegi og um einn og hálfur tími í að upplestrardagskráin hæfist. Ég lagðist til hvílu í rúm sem var nokkrum númerum of lítið og lést sofa í tæpa klukkustund. Þá kom húsráðandi og bankaði á hurðina mína, og til að valda honum ekki vonbrigðum lést ég vakna.

„Bókmentatiltakið“

Upplestrardagskráin – „bókmentatiltakið“ – fór fram í stórkostlega fallettri skemmu sem hefði með góðu móti getað rúmað nokkur hundruð manns. Það voru sófar og stólar fyrir um fjörutíu manns og þétt setið – en stuttmynda-dagskránni, sem var á undan

bókmentatiltakinu, var ekki lokið og ég sá því nokkrar stuttmyndir sem mætti best lýsa með þeim orðum að þær hafi verið frekar dæmigerðar filmskólamyndir. Hægar senböld sem áttu að hleypa okkur af þjáðu fólki sem talaði lítið og þegar það sagði eitthvað var það yfirleitt eitthvað á borð við: „Pabbi skildi mig aldrei“. Svo var, ef ég man rétt, ein heimildamynd um hljómsveit sem spilaði á G! og hefur sjálf-sagt tekið um korter í framleiðslu, en státaði af ansi löngum og veglegum lista yfir styrktaraðila. En ég var orðinn frekar þreyttur þegar hér var komið sögu.

Ég gekk á barinn og pantaði mér bjór, en var tjáð að það yrði fjandakornið ekki seldur neinn bjór fyrir en eftir klukkan 18 – ég væri ekki lengur staddur í þeirri rassholu andskotans sem heitir Ísland heldur guðs útöldum Færeyjum. Ég óaði og æjaði enda farið að örla ansi hressilega á timburmönn-utöldum Færeyjum. Ég óaði og æjaði enda farið að örla ansi hressilega á timburmönn-utöldum Færeyjum. Ég óaði og æjaði enda farið að örla

Upplestrardagskráin var með besta móti, þó reynt hefði

á þreyttan líkama minn að skilja erlendar tungurnar, dönsku, norsku og færeysku, enda stóð dagskráin til ríflega sex eða í einar fjórar klukkustundir. Þegar henni lauk hafði ég ekki sofði, svo heita mátti, í 35 klukkustundir. Og þegar henni lauk var boðið í mat. Þegar matnum lauk var boðið í veislu, og þegar veislunni lauk var komið að því að Mugison færi á svið, og því vildi ég eðlilega ekki missa af.

„Eins og sókn Sovétmanna gegn Þjóðverjum“

Örn Elías hefur lengst af verið eins manns band – eins manns her er kannski nærri lagi því það hefur í gegnum tíðina verið mikið sjónarspil að fylgjast með honum byggja brjálaðislega hljóðmúra með rafmagnsgítar og fartölvu. En eins og áður segir er hann búinn að ráða sér hljómsveit til að leika undir með sér, rafmagnsgítarnum og tölvunni. Að þessu sinni yrði þó sjóði lítið eitt döruvísi. Hann byrjaði á að tilkynna að tölvan hans hefði hrundið, og því væri ekki um neitt annað að gera þetta með bandinu, eða eins

og hann orðaði það sjálfur: „There’ll be less pussy stuff and more rock’n’roll!“

Og það er engum blöðum að fletta um það að Mugison setur á svið eitthvað það flottasta rokksjó sem sést hefur á Íslandi. Færeyingar, Íslendingar, Danir og aðrir áhorfendur voru dolfallnir og létu hrifningu sína í ljós með hrópum, flautum, klappi og stappi, og mætti endurnýta orð sem einn íslenskur gagnrýnandi lét falla um tónleika hans í Reykjavík fyrir fácinum árum: „Mugison var höfuðið og salurinn bolurinn sem dansaði eftir hverri hugdettu tónskáldsins [...] Eins og sókn Sovétmanna gegn Þjóðverjum í WWII“.

Eftir að tónleikunum lauk var boðið í enn eitt partyið, nú baksviðs með Eivöru Pálsdóttur og öllum hinum færeysku súperstjörnunum. Þegar leiðir skildust, og menn fóru í háttinn, var klukkan orðin sjö að morgni. Ég sat úti á götu, í Götu, og borðaði harðfisk með heimamönnum. Það voru liðnar 48 klukkustundir frá því ég vaknaði heima hjá mér á Ísafirði, og kominn tími til að fara í háttinn. Eftir fimm klukkustundir var von á rútu til að flytja okkur heim.

– eirikur@bb.is



Færeyjar.



Fallegustu húsin á Ísafirði – og ljótustu

Á Ísafirði eru mörg falleg og sögufræg hús sem menn standa jafnvel dolfallnir frammi fyrir, og önnur hús sem heimamenn bölvu í hljóði, eða upphátt á tyllidögum. Engum dylst að mikið er byggt af húsum í bæjarfélaginu þessa dagana, og það var ekki síst þess vegna sem Bæjarins besta lék hugur á að vita hvað fólki þætti um húsin í bænum, hvað væri góður arkitektúr. Blaðamaður kallaði til fimm manns úr ýmsum áttum til að svara tveim grundvallarspurn-ingum: 1) Hvað finnst þér fallegasta húsið á Ísafirði? og 2) Er eitthvað hús á Ísafirði sem þér finnst óprýði af? Til svara voru skipstjóri sem búið hefur á Ísafirði áratugum saman, brottfluttur Ísfirðingur, maður úr byggingarbransanum, nemi í dýralækningum sem stúderar í Noregi en kemur heim á sumrin, og leikkona sem flutti til Ísafjarðar í byrjun sumars og hefur því væntanlega ferska sýn á bæinn.

Kristján Freyr Halldórsson, trommuleikari og verslunarstjóri hjá Pennanum

Neisti eins og LEGO-kubbahús

– Hvað finnst þér fallegasta húsið á Ísafirði?

„Fyrst koma upp í hugann húsin sem að Guðjón Samúelsson teiknaði í Túngöttunni. Ósjaldan horfði maður út um gluggann þar sem ég bjó hjá mömmu og pabba á Túngötu 18, og sá Túngötu 15, hvítt hús með grænu þaki. Mér fannst þetta ótrúlega fínt hús. Það voru þrír bræður sem áttu heima þarna, og ég hafði unun af því að fylgjast með þeim dytta við húsið. Einn stóð við stígann, annar málaði og þriðji bróðirinn stóð við hliðina með málningafötuna. Alltaf kom svo upp í hugann lagið úr Klaufabárðapáttunum. Ég sá þetta hús alltaf fyrir mér sem mikla höll.“

– Er eitthvað hús á Ísafirði sem þér finnst vera óprýði af?

„Þetta finnst mér frekar auðvelt, ljótasta húsið á Ísa-

firði hlýtur að vera Neisti. Mér finnst þetta mjög leiðinlegt hús og alls ekki í takt við neitt í miðbænum. Þetta er kassalaga ferlfi sem minnir á eitthvað skrímsli. Það er leiðinlegt að horfa á Neista, þetta er algerlega andlaust hús. Svo skyggir það líka á miðbæinn og eyðileggur útsýnið út á pollinn. Formið á því er líka svo undarlegt, þetta eru eins og tveir kassar, næstum því eins og eitthvað LEGO-kubba-hús. Sem er ekki flott í þessu samhengi, þetta væri kannski í lagi ef þetta væri LEGO-hús. Svo er bílastæðið og umgjörðin um húsið líka ljótt. Verst er síðan að til að núa salti í sárið er mynd inni í Neistanum af kofunum sem voru þarna fyrir, sem voru jú vissulega bara kofar, en miklu vinalægri og fallegri en Neisti. Það voru andríf hús.“



Túngata 15.



Halldór Hermannsson, skipstjóri

Gamla sjúkrahúsið fallegast

– Hvað finnst þér fallegasta húsið á Ísafirði?

„Mér finnst alltaf bæjar-bókasafnið, það er gamla sjúkrahúsið, langfallegast. Ég get ekki sagt annað. Umhverfið á mjög stóran þátt í hversu fallegt það er. Svo er mikill sómi að því hvernig húsið hefur verið gert upp, en ég hef alltaf haldið því fram að þetta sé fallegasta hús á Ísafirði, líka áður en það var gert upp. Þetta er nú mín skoðun, og sem betur fer geta aðrir haft aðrar skoðanir á þessu en ég.“

– Er eitthvað hús á Ísafirði

sem þér finnst vera óprýði af?

„Nei, mér finnst ekki vera óprýði af húsum á Ísafirði. Menn eru farnir að mála í meiri mæli en þeir gerðu í gamla daga. Það er auðvitað misjafnlega finni glans á húsum, og það má segja að þau séu misjafnlega falleg, en það er ágætt að hafa í bland dálítið kofaleg hús til þess að minna á það hvernig bærinn var í gamla daga. Ég er harðánægður með það. Ég vil engu að síður ekki letja menn til þess að taka til hjá sér, það er hið besta mál.“

Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, leikkona og einn leikstjórnenda Morrans

Hriffin af gömlum húsum

– Hvað finnst þér vera fallegasta húsið á Ísafirði?

„Pau eru nú dálítið mörg sem eru falleg. Ég held að fallegasta gatan sé allavega Tangagatan, mér finnst hún einstaklega falleg og mörg skemmtileg hús við götuna. Þá er ég mjög hriffin af Maríu Mey líkneskinu sem nunnurnar í Hafnarfirði eiga. Ef ég á að velja eitt hús myndi ég velja Krambúðina í Neðstakaupstað, þar sem Sigga Steina, Judith og Jóhann eiga heima. Án nokkurs vafa. Ég er hriffin af gömlum húsum, fallegum litlum húsum. Þess vegna finnst mér Tangagatan líka rosa skemmtileg. Ég reyni alltaf að labba þá leið þegar ég fer heim eða að heiman. Svo eru líka rosalega falleg hús við Túngötuna.“

– Er eitthvað hús á Ísafirði sem þér finnst vera óprýði af?

„Ég veit nú ekki alveg hvað ég á að segja um það. Ég yrði nú eiginlega að velja eitthvað svona eins og Stjórn-sýsluhúsið. Mér finnst þessi nýju hús mörg hver ekki passa alveg inn í stemninguna, inn í þessa skemmtilegu miðbæjarstemningu. Pau eru aðeins af nýtskuleg fyrir minn smekk.“



Krambúðin í Neðstakaupstað.

Álitsgjafar BB



Halldór Hermannsson.



Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir.



Hermann Þorsteinsson.



Sigríður Gísladóttir.



Kristján Freyr Halldórsson.

**Ertu orðin(n)
áskrifandi?
Síminn er
4564560**



Húsnæði Íshúsfélags Ísafirðinga við Eyrargötu.

Sigríður Gísladóttir, nemi í Noregi

Finnst Íshúsið vera rómantískt

– Hvað finnst þér fallegasta hús á Ísafirði?

„Fallegasta hús á Ísafirði er að mínu mati gamla Íshúsið. Þetta er fallegt hús, í fallegum litum, með fallegu jólasakrauti. Það er eins og Björnsbúð: Fastur punktur í tilverunni. Ís-

húsið er á æskulóðum mín- um, amma mín og afi bjuggu á Fjarðarstræti 39, svo vann ég þarna einu sinni. Það er eina frystihúsavinnan sem ég hef unnið, þetta voru síðustu jóla Íshúsfélagsins. Það er ákveðin rómantík tengd því.“

– Er eitthvað hús á Ísafirði sem þér finnst vera óprýði af?

„Mér finnst óprýði af nýja húsinu sem er verið að byggja á horni Pólgötu og Fjarðarstrætis. Það passar illa inn þar sem það er, sprettur upp eins og skratinn úr sauðaleggnum.“

Hermann Þorsteinsson, einn eigenda Vestfirskra verktaka ehf.

Viðhaldið skiptir mestu

– Hvað finnst þér fallegasta hús á Ísafirði?

„Fallegasta hús á Ísafirði finnst mér vera gamla sjúkrahúsið. Það er virkilega flott hús. Mér finnst fallegt hvað húsið er stílhreint og samsvarar sér vel. Það skemmir ekki fyrir að búið sé að gera lóðina þarna í kring snyrtilega. Þetta hús hefur alltaf heillað mig.“

– Er eitthvað hús á Ísafirði sem þér finnst vera óprýði af?

„Ég veit ekki hvort það er sérstök óprýði af neinu húsi sem slíku, mér finnst ekkert hús á Ísafirði vera ljótt allavega. Ég myndi kannski svara þessu þannig að það væri óprýði af þeim húsum sem ekki hljóta eðlilegt viðhald,



Safnahúsið á Ísafirði.

og drabbast niður. Það er svo mikið smekksatriði hvað er fallegt og hvað er ljótt, menn hljóta alltaf að deila um það, hús eru að mínu mati falleg ef þeim er vel haldið við.“



TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL löggiltur fasteignasali

Hafnarstræti 7 • Ísafirði • Sími 456 3244
Faxi 456 4547 • Netfangi eignir@fou.is
Heimasíða www.fou.is



80,8 m² þriggja herbergja íbúð á efri hæð í nýrri stúdíóbyggingu í gæðhylinum, húsið var byggt árið 1993.

7.000.000,-



Nýjar og glæsilegar íbúðir í gæðhylinum með lytu, rúmgóðar þriggja herbergja íbúðir ásamt helingardöli í hlaugrymi á jafnvægi.

16,7 & 19,7



193 m² stúdíóbyggingu með íbúðum á tvímennum hæðum með innviðum, helingardöli, möguleiki á að hafa fimm svæðis herbergi.

11.700.000,-



Þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í stúdíóbyggingu í gæðhylinum sem byggð var árið 1994. Samtals er eigiðin 98,7 m², þar af er íbúðin 93,1 m² og geymsla í samnefni er 5,6 m².

19.500.000,-



173 m² stúdíóbyggingu íbúðir á tvímennum hæðum, byggð árið 1997 ásamt 28 m² hlaugrymi.

11.600.000,-



73 m² þriggja herbergja íbúð á jafnvægi í gæðhylinum, óþröngt ír stoffa íbúðin á 1. hæð, sér geymsla í samnefni og samgignilegt þvottahúsi á 1. hæð.

8.700.000,-



Finnur herbergja íbúð á efri hæð í gæðhylinum ásamt kjallara og eignarhúsi. Eftir með stílgang og forstofu er um 112 m², en kjallari er um 100 m², samtals er eigiðin því 212 m².

13.700.000,-



53,4 m² kjallaribúð í gæðhylinum, óþröngt ír stoffa íbúðin.

5.500.000,-

Ljót húseign að mati álitsgjafa



Ingólfur Þorleifsson var kjörinn formaður KFÍ á auka-aðalfundi félagsins sem haldinn var í sumar, en nokkur krísa ríkti hjá félaginu um stund í kjölfar þess að fyrri formaður sagði af sér skómmu eftir kjör. Bæjarins besta hafði samband við Ingólf og lék hugur á að vita hvað væri framundan hjá félaginu, og hver staðan væri nú.

– Hvernig kom það til að þú gafst kost á þér til formanns?

„Ég hef starfað lengi innan KFÍ og hef verið í stjórninni síðan 2001, en hætti núna í vor. Þá hætti öll stjórnin og nýtt fólk kom inn. Formaðurinn, Karl Jónsson, sagði svo af sér eftir tveggja mánaða starf. Það voru svo ekkert svakalega margir sem bæði vildu taka þetta starf að sér, og svo gátu tekið þetta að sér. Ég var náttúrulega í framboði til sveitarstjórnar nú í vor og hafði nóg að gera þegar fyrst var talað við mig um að fara í framboð. Þegar stjórnin talaði svo aftur við mig nú um daginn ákvað ég bara að slá til.“

– Hver er fyrstu verk nýs formanns?

„Það fyrsta sem ég geri sem formaður er bara að kíkja á það sem Kalli var að gera áður en hann hætti, það var hellingur af verkefnum kominn í gang. Rekstur á félagi á litlum stað eins og hér fyrir vestan snýst aðallega um að ná í peninga, og stjórnin þarf náttúrulega að útvega leikmenn. Félagið missti nýlega þu af sínum sterkustu leikmönnum til annarra liða, þá Sigurð Þorsteinsson og Birgi Björn Pétursson. Siggi fór til Keflavíkur og Birgir Björn fór til Njarðvíkur. Eitt af þeim vandamálum sem við þurfum að kljást við er að ef við náum að búa til sterka leikmenn þá byrja stóru liðin fyrir sunnan strax að bera víurnar í þá. Það er í raun ekkert sem við getum gert við þessu nema að reyna að finna okkur aðra leikmenn í staðinn. Við erum með nokkra í sigtínu, bæði innanlands og utan, en það hefur ekkert verið undirritað ennþá. Það er auðveldara að finna leikmenn nú eftir að það opnaðist til landa eins og Póllands og Makedóníu. Þeir eru margir hverjir jafnvel tilbúnir til að vinna eitthvað með boltanum. Það er því fyrsta verk okkar Baldurs í sameiningu er að manna liðið. Fyrsti leikur tímabilsins er 6. október.“

„Unglingastarfið byrjar svo um svipað leyti og skólarnir. Það heyrir reyndar ekki beint undir stjórn félagsins, því unglingastarfið er með sína eigin stjórn, sem Guðni Guðnason er yfir núna. Þar er mikið af krökkum að æfa. Það hefur verið samvinna á milli félaganna á svæðinu, eins og á milli Stefnis á Suðureyri og KFÍ til dæmis.“

Gamalt en ekki gamalt félag

Á þarsíðasta ári var farið í gang með stúlknaatak sem fólst í því að stúlkur fengu að

æfa frítt fram að áramótum. Það gekk rosalega vel. Ég þori reyndar ekki alveg að fullyrða um hversu hátt hlutfall þeirra sem byrjuðu eru enn að æfa, það sést betur í haust þegar æfingarnar byrja. Það var ákveðið að fara í gang með þetta þegar við neyddumst til að draga meistaraflokk kvenna úr keppni eitt árið, því það voru svo margar sem að hættu þar.“

– Vantaði þá uppbygginguna, unglingastarfið?

„Já, KFÍ fær aðstöðu í íþróttahúsinu á Torfnesi 93 eða 94, og hafa náttúrulega enga aðstöðu fyrir það. Fyrstu árin spilaði félagið alla sína leiki fyrir sunnan, og svo þegar húsið kom í Bolungarvík var farið að spila eitthvað þar. Þannig að í rauninni er félagið ekkert gamalt þó að það sé gamalt. Þessir strákar sem við erum búin að keyra liðið á í tvö ár eru heimamenn. Það hefur alltaf verið draumur þeirra sem komu að liðinu að geta byggt liðið á heimamönnum. Í raun og veru var árið í fyrra það fyrsta sem hægt var að láta sig dreyma um það. Við gerðum það tvö síðustu ár, og hefðum auðvitað viljað ná betri árangri, en náðum samt t.d. að halda okkur í fyrstu deildinni á síðasta ári. Fyrsta deildin er reyndar sífellt að verða sterkari, liðin þar eru farin að fá sér mikið af útlendingum, í sama magni og var alltaf í úrvalsdeildinni.“

– Er körfuboltinn alltaf að verða sterkari á Íslandi?

„Jú, sjálfsgagt. Maður er alltaf að sjá fleiri fara út í atvinnumennsku, til dæmis. Svo sér maður samt lið eins og Drang í Vík í Mýrdal, sem sýnir okkur að það er ekkert mál að vera með gott körfuboltalið í þínulitum bæ, ef þú hefur peninga til þess að ná þér í leikmenn. Það eru náttúrulega ekki nema fimm menn frá hvoru liði inni á vellinum í einu. Það er til dæmis miklu ódýrara að byggja upp sterkt körfuboltalið heldur en sterkt fótboltalið, vegna þessa. Þetta hefur breyst mikið fyrir okkur hér fyrir vestan. Eftir því sem fyrirtækjunum hefur fækkað þá hefur verið erfiðara að ná í styrki. Að vísu eru þessi fyrirtæki sem eru hérna mjög dugleg að styrkja okkur, og öll íþróttafélög sem eru hérna.“

Körfuboltapólitíkin

– Var það bara vegna anna sem þú bauðst þig ekki áfram fram í vor?

„Já. Við sem vorum í stjórninni síðasta vetur ákváðum að láta öll af störfum. Þegar við tókum við voru skuldirnar orðnar alltof miklar, og það þurfti að fara að taka ansi vel á þeim málum. Helgi læknir tók að sér að vera formaður, og við vorum þarna nokkur með honum. Svo þegar hann var ekki tilbúinn til að halda áfram, hafði ekki allan þann tíma sem hann vildi, þá fannst okkur einfaldlega best að við myndum þá öll hætta og það kæmi alveg nýtt lið inn á völl“



Staðan í körfunni – og stefnan framundan

inn. Það var í rauninni mjög gott. Kalli og Steini komu þá upp úr unglingadeildinni, og voru auðvitað báðir búnir að starfa í þessu mjög lengi. Þetta lofaði góðu.“

– Svo segir Karl engu að síður af sér eftir tvo mánuði.

„Já, þetta var mjög erfitt fyrir Kalla held ég. Það var gerð hörd atgala að honum á spjallinu á sport.is. Það voru ekki allir sáttir í félaginu með að hann skyldi taka við, og það var eitthvað vesen með það.“

– Er mikil harka í körfuboltapólitíkinni?

„Nei, þetta eru bara nokkrar veikar sálir sem eru inni á þessu spjalli. Kalli tók þetta mjög nærri sér. Þetta er sama og gerðist með Gauja Þorsteins, hann bara tók því léttar. Hann svaraði því sem hann nennti að svara, og hunsaði hitt. Kalli var ekki tilbúinn til þess, hann vildi bara vinna að uppbyggingu félagsins sjálfs. Og það er í raun það sem þarf í þessu félagi, að einbeita sér að því að byggja upp félagið í stað þess að eyða tímanum í að rifast innbyrðis. Þetta er lítið félag á litlum stað og það þarf á öllum að halda sem vilja vinna við það.“

– Hafðirðu starfað fyrir KFÍ áður en þú tókst sæti í stjórn?

„Ég byrjaði veturinn 99-2000 og var þá liðsstjóri. Svo fór ég í stjórnina. En ég hef haft áhuga á körfubolta frá því að ég var krakki, þó svo ég hafi aldrei spilað hann. Ég hef setið á hliðarlínunum og skemmt mér vel. Ég spila engar íþróttir, nema golf, og fíktu smá í körfubolta.“

Unglingastarfið og aðkeyptir leikmenn

– Geturðu sagt mér eitthvað

um þessa leikmenn sem þið eruð að spá í?

„Það er kannski ekki gott að vera að segja mikið fyrr en búíð er að semja við þá. Annar er Serbi og hinn er Makedóni, sem við erum með í sigtínu. Þeir eiga að vera á sama standard og þessi makedónsku leikmenn sem hafa verið að koma hingað. Svo var ráðinn makedónskur þjálfari, Borce Ilievski. Það er unglingaráðið sem ræður hann til að þjálfar í unglingadeild, og svo verður hann aðstoðarþjálfari hjá Baldri í meistaraflokknum. Hann mun svo jafnvel þjálfar líka á Suðureyri ef samningar nást um það við Stefni. Þessi maður hefur verið unglingalandsliðsþjálfari í Makedóníu og á að vera mjög fær. Þannig erum við að halda áfram því góða unglingastarfi sem hefur verið hér í gegnum árin. Við erum búin að eiga 4-6 unglingalandsliðsmenn seinustu tvö árin sem er mjög gott á svona litlum stað. Þessi strákar sem eru 18 til 20 ára, þeir eru búnir að æfa körfubolta síðan að íþróttahúsið kom. Fimm-sex ára byrja þeir í minniboltanum, og kjarninn í því liði hefur eiginlega haldið áfram alveg upp. Þetta voru einhverjir fimm-sex strákar sem spiluðu alveg upp í meistaraflokk. Og nú missum við þrjá af þeim, tveir fara til annarra liða eins og ég minntist á, þeir Sigurður Þorsteinsson og Birgir Björn Pétursson, og svo hann Gunnar Ingi Elvarsson, sem er að læra á hótelinu og þar er náttúrulega bara kvöld og helgarvinna svo hann getur hvorki æft né keppt. Svo hann varð að fórna körfuboltanum.“

– Segðu mér hvernig hugmyndir um sameiningu íþróttafélaganna hagnast þér.

„Þetta eru fjögur félög sem

ætla að sameinast, Skíðafélag Ísfirðinga, Sundfélagið Vestri, KFÍ og Boltafélag Ísafjarðar. Mér skilst að þetta hafi verið samþykkt í öllum félögum, og við höfum unnið út frá því að þetta gerist núna í haust. Undirbúningsnefndin kláraði alveg sitt verk. Einnhverjir fengu smá bakþanka því sumir voru ekki alveg sáttir með það að greiðslum frá bænum yrði skipt eftir iðkendafjölda. Það var ekki samræmi á milli þess hvernig iðkendafjöldinn var svo reiknaður út, það átti eftir að samræma iðkendafjölda félaganna við styrkúthlutanir frá HSV. Þannig að það varð dálítið skekkja í þessu.“

– Standa ekki félögin sterkari, að þínu mati, eftir sameiningu en fyrir?

„Hugmyndin er sú að hvert félag verður áfram með sína stjórn og sína samninga og það allt saman, það heldur bara áfram. Stærsti plúsinn í þessu fannst okkur vera sá að starfsmaður HSV og núna UMFÍ, Torfi Jóhannsson, hann kemur til með að sjá um allt í sambandi við bókhald og reikninga og flugbókanir. Félögin losna við allt þetta daglega kvabb.“

– Menn geta þá kannski farið að einbeita sér frekar að félagsliðinni?

„Þá er hægt að fara að einbeita sér að því að byggja upp félagið sjálft. Það þarf auðvitað alltaf að stunda fjármálahlíðina líka, eins og í öllum svona félögum þá snýst þetta að voða miklu leyti um að sníkja peninga.“

Áhorfendum fækkar

– Hvað er hægt að gera til að bæta fjárskort félagsins?

„Ástandið lítur miklu betur

en það gerði. Við höfum unnið skuldirnar verulega niður, og samið um stóran hluta þeirra, og skuldum ekki nærri eins mikið og við gerðum. En þó skuldirnar séu ekki miklar þá ættu þær auðvitað ekki að vera neinar. Það er ekki sanngjarnt að skuldsetja félög á þann hátt að ef aðrir koma og ætla að taka við þá þurfi þeir að byrja á því að vinna í gömlum skuldum. Stærsti hluti skuldanna urðu til 98 þegar KFÍ var að gera sem mest. Þá voru kannski 5-6 manns á launum, og menn voru með íbúðir, og ýmislegt sem félagið réð alls ekkert við.

Það fyrsta sem við þurfum að gera hér, og það auðveldasta, er einfaldlega að mæta á leikina. Áhorfendum hefur eðlilega fækkað í takt við getu liðsins. Þegar við vorum í úrvalsdeildinni síðast þá vorum við með þrjá Kana í liðinu, og þá heyrði maður fólk segja að það væri ekkert gaman að koma á leiki af því að það væru engir Ísfirðingar í liðinu. Svo síðustu tvö ár hafa bara verið Ísfirðingar og þá heyrir maður fólk segja að það sé ekkert gaman að koma af því að þeir geti ekki neitt þessir Ísfirðingar. Það er vandlifað.

Mætingin hefur minnkað rosalega síðastliðin ár. Hún var alveg í toppnum þegar liðið komst fyrst í úrvalsdeildina, þá voru kannski 6-700 manns á hverjum einasta leik. Nú má það alveg heita mjög gott ef það koma 100. Við gerum okkur náttúrulega alveg grein fyrir því að liðið þarf að standa sig vel til að fólk vilji koma og horfa á það. En ég vil líka endilega nota tækifærið hérna til að hvetja fólk til að mæta á leikina og styðja okkur.“

– eirikur@bb.is

BÓNUS

Enn meira úrval af Rynkeby söfum og drykkjum:
Grænt íste, fersku íste, epla og trónuberjasafi

30% afsláttur

1299

Merkisvert 1899

Rynkeby

Á þjóðlegu nótnum...

373

45% afsláttur

373

FOLALDAKJÖT
saltat frá Kjarnaforði

FOLALDAKJÖT
Kofareykt frá Kjarnaforði

KARTÖFLUNÚS 500g

Potato mash
Aardappelreepies
Pommes de terre
Pannamousschotele

159

KF FOLALDASTEIK
Frampartur-úr frýstinum

40% afsláttur

299

Bónus býður betur!

BLANDAÐ KF
LAMBASALTBJÖTT

30% afsláttur

1259

30% afsláttur

349

30% afsláttur

www.bonus.is

BÓNUS

mannlíf

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn
31. ágúst, 245. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1919 lést Jóhann Sigurjónsson skáld
og rithöfundur, 39 ára. Hann bjó lengst af í Danmörku.

Pennan dag árið 1955 sáust borgarísjaka á óvenju-
legum slóðum, um 100 sjómílar SV af Reykjanesi.

Pennan dag árið 1992 lagðist skemmtiferðaskipið
Crystal Harmony að bryggju í Sundahöfn. Það var
stærsta skip sem bundið hafði verið við bryggju í
Reykjavík, 240 metra langt og jafnvel það íburðar-
mesta. Skipið kom aftur tveimur árum síðar.

Pennan dag árið 1994 lauk lengstu viðureign skák-
sögunnar með jafntefli eftir 53 leiki. Þetta var skák
Jóhanns Hjartarsonar og Jóns Garðars Vignissonar.

Heimild: Dagur Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 14 árum

Eftirmál kosninga í þing- fokki Alþýðubandalagsins

Svavar Gestsson alþingis-
maður telur að Ólafur Ragnar
Grímsson formaður Alþýðu-
bandalagsins hafi ef til vill
misst af gullnu tækifæri til að
innsigla sættir í Alþýðubanda-
laginu með því að styðja sig
ekki til formennsku í þingflokki
Alþýðubandalagsins.[...]

Í viðtalinu segir Svavar
gestsson að þeir Ólafur Ragn-
ar Grímsson hafi átt mjög gott
samstarf um þingstörfin á und-
anfórnum misserum. Þá hafi
málefnaágreiningur milli þeirra
verið að hverfa og Svavar
segist hafa talið það myndu
innsigla þessa samstöðu ef
hann yrði valinn formaður
þingflokks með stuðningi
Ólafs Ragnars. Af þessum
ástæðum segist Svavar ekki
geta skilið hvers vegna Ólafur



Ragnar lagði svo mikla áher-
slu á að hann yrði ekki for-
maður þingflokksins. Svavar
segir í grófum dráttum hafi
tekist vel að sameina flokkinn
eftir þau gríðarlegu átök sem
urðu í kringum kosningu Ólafs
Ragnars sem formanns Al-
þýðubandalagsins 1987.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustanátt, lengst af 5 til 10 m/s. Rigning eða súld
með köflum norðan- og austanlands, en léttskýjað á
suður- og suðvesturlandi. Hiti 7 til 15 stig að deginum,
hlýjast suðvestantil.

Horfur á laugardag, sunnudag og mánudag:

Norðaustanátt, lengst af 5 til 10 m/s. Rigning eða súld
með köflum norðan- og austanlands, en léttskýjað á
suður- og suðvesturlandi. Hiti 7 til 15 stig að deginum,
hlýjast suðvestantil.

● Spurning vikunnar

Hvernig líst þér á hugmyndir um ferðir
með kláf upp á Gleiðarhjalla?

Alls svöruðu 766. – Vel sögðu 453 eða 59% – Illa
sögðu 177 eða 23% – Hlutlaus sögðu 136 eða 18%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið
skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttu? • Gylfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Vesturferða

Spennandi nýjungar næsta sumar

„Það er bara allt glimrandi fínt að fréttu. Þótt lausatraffíkin sé að mestu búin þetta sumarið eiga ennþá eftir að koma skemmtiferðaskip og tvö af þeim eru þau stærstu sem koma til Ísafjarðar á þessu sumri. Svo verða Vesturferðir þátttakandi í Vestnorden ráðstefnunni í Reykjavík um miðjan september og við erum á fullu að ganga frá kynningarefni fyrir hana. Eftir það fer að hægjast um hér á skrifstofunni, þau þrjú sem hafa verið hjá mér í sumar hverfa til annara starfa og ég sé einn um reksturinn í vetur. Það verður samt engin lognmolla í kringum okkur því við bjóðum upp á margar spennandi nýjungar næsta sumar, meðal annars skíðaferðir að vori þar sem við nýtum okkur það að hér er snjór frá fjallstoppum niður í fjöru lengur en víða annars staðar, en það þykir mörgum útlendingum afskaplega merkilegt. Og ekki má gleyma norðurljósaferðunum sem verða margvíslegar. Allt frá norðurljósaferðum á kajak til norðurljósaferða út í Vigur að næturþeli. Sem sagt fullt af spennandi hlutum framundan og gaman að lífa.“



Sagar út rekaviðar- kalla með keðjusög

Kristín Þórunn Helgadóttir
heggur út stytur og myndir
úr tré. Hún hefur lagt stund á
þetta áhugamál í yfir áratug
og hefur enn gaman af. Þá er
það ekki eina áhugamálið en
hún stundar einnig minka-
veiðar og er áhugamanneskja
um ferðalög, og þá sérstaklega
siglingar á skemmtiferðaskip-
um. Kristín spjallaði við
Bæjarins besta um þessi
skemmtilegu áhugamál.

– Hvað varð til þess að
byrjaðir þú að hafa áhuga á
tréskurði?

„Ég veit það ekki alveg. Mér
leiddist alltaf handavinna í
gamlu daga og vildi ekki fara
eftir forskrift annarra. Áhug-
inn kviknaði eftir að ég datt af
hestbaki og rotaðist um 1990.
Eftir það fór ég að höggva út,
svo skrítíð sem það er. Ætli
eitthvað hafi ekki hrokkið til í
höfðinu við það“, segir Kristín
og hlær.

– Var einhver sem kenndi
þér þessa list?

„Ég byrjaði bara að höggva
út sjálf en síðan hef ég farið á

námskeið. Ég byrjaði að högg-
va út með exi en nú nota ég
mikið keðjusög.“

– Er þetta ekki líkamlega
erfitt áhugamál?

„Jú, það getur verið það en
maður finnur ekkert fyrir því,
það er svo gaman.“

– Hvað ertu helst að skera
út?

„Þegar ég hef farið á nám-
skeið hef ég gert lágmyndir
sem eru fingerðar en þegar ég
bara með sjálfri mér hef ég
aðallega sagað út stóra reka-
viðarkalla og nú nýlega er ég
byrjuð að gera skálar. Fyrst
notaði ég aðallega rekavið en
nú er ég farin að fá mikið af
gefins trjáum úr gördum hér og
þar. Þegar einhver þarf að
losna við tré er oft haft sam-
band við mig.“

– Hvað tekur það þig langan
tíma að gera stærri verkin?

„Það er svo misjafnt og fer
eftir því hversu mikið ég legg
mig í það. Ef ég er bara að
vinna með keðjusög tekur það
tíltölulega stuttan tíma, en ef
ég vinn verkið meira tekur



Kristín notast við ýmis efni eins og t.d. surtarbrand.



Eitt stærðar verk í smíðum.

Ísafjörður alltaf bestur



„Ég veit ekki hverju skal svara um hver sé uppáhaldstaðurinn minn, ætli það sé nú ekki bara Ísafjörður, hann er alltaf bestur. Þarf að segja meira en það. Hann er fallegur og góður bær og ég vona að hann verði bara enn betri með tímanum. Hér býr gott fólk og hér er gott að búa. Ég hef búið alla mína tíð á Ísafirði og ég vona að ég muni alltaf gera að, en maður veit aldrei hvað getur gerst“ segir Ísafirðingurinn Geirprúður Charlesdóttir.



Umhverfishryðjuverk

Íslenskt réttarkerfi er á margan hátt afar þversagnakennt fyrirbæri. Einföld dæmi benda á þetta: Morð og morð er ekki sami hluturinn. Maður, hver keyrir niður konu á 160 km hraða á klukkustund þar hvar hámarkshraði er 90 km á klukkustund má búast við 60.000 króna sekt og einhverjum punktum í ökuferilsskrána. Það, hvort konan lifi hið illa nefnda „slys“ af, búi við varanlega örkumlun eða eitthvað í þá veru, skiptir engu um dóm mannsins. Vilji svo til að nágranni hans skjóti aðra konu fyrir slysi í höfuðið með haglabyssu, með fyrirséðum afleiðingum, má sá vafalítið búast við lífstíðarfangelsisdómi. Þrátt fyrir að mennirnir hafi valdið sama skaða, þ.e. tekið mannlíf, eru þeir ekki dæmdir eins. Annar lenti í slysi, hinn er morðingi.

● Stuttar fréttir

Opna Klofningsmótið

Opna Klofningsmótið verður haldið á Meðaldalsvelli á Þingeyri á laugardag, en mótið er jafnframt síðasta mótið í mótarið sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Leikinn verður 18 holu högggleikur, með og án forgjafar í karla og kvennaflokki. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í karla og kvennaflokki með og án forgjafar. Þá mun Klofningur gefa öllum keppendum teiggjöf og bjóða upp á súpu milli umferða. Veitt verða verðlaun fyrir sjö efstu sætin í karla og kvennaflokki án forgjafar, fimm efstu sætin í karla og kvennaflokki með forgjöf. Auk þess verða veitt þrjú sérstök mætingarverðlaun fyrir þá sem að mæta í öll mótin og verður dregið um það hverjir hljóta ef fleiri en þrjú mæta í öll mótin. Allir keppendur sem leikið hafa í móti í mótariðinni í sumar eru boðnir velkomnir. Skráning á Klofningsmótið fer fram í síma: 848 2372, og á golf.is og tomsen@isholf.is . Þátttökugjald 2.500 krónur. thelma@bb.is

afmæli



í tilefni af fertugsafmæli mínu þann 1. september nk. býð ég þá sem vilja samgledjast mér velkomna í félagsheimili Súðavíkur milli kl. 18:00 og 21:00 laugardaginn 2. sept. nk. Kærar Mæðjur, Ómar Mór Jónsson



Kristín við eitt verka sinna sem ber nafið Þríhöfði.

það sinn tíma að fínþússa það.“
– Nú hefur þessi iðja þín vakið athygli ekki satt?
„Jú ætli það sé ekki hægt að segja það, verkin mín hafa verið að dreifast hingað og þangað. Ég hef ekki verið að vinna neitt mikið í seinni tíð en við hjónin ásamt öðrum hjónum höfum verið að koma gamalli skemmu, sem er um aldagömul, í lag sem við ætlum að nota sem vinnuáðstöðu. Hún er að verða klár og þá vonast ég til að geta farið að vinna meira.“

– Hefur þig aldrei langað til að leggja tréskurð fyrir þig?
„Jú, það er náttúrlega stóri draumurinn að geta einungis verið í því, en vitaskuld er nauðsynlegt að vera í launaðri vinnu. Þetta er hobbýið. Það er nú samt framtíðardraumurinn að færa sig meira í áhugamálið þegar fram í sækir og maður fer að draga úr vinnu. Maður hefur nú oft grínast með það að vinnan slíti í sundur daginn fyrir manni, og þar með frá áhugamálinu,“ segir Kristín kímín.



Kristín gerir bæði stór verk og fínleg.

Sama afmælisdag og sömu áhugamál

– Kristín er ekki sú eina í fjölskyldunni sem hefur á áhuga á að höggva út í tré.
„Maðurinn minn er líka í þessu en við erum mjög samtaka. Við gerum svo margt saman, við veiðum einnig saman og ferðumst víða. Við eigum líka sama afmælisdag svo að við erum jafngömul upp á dag. Kannski að þetta fylgi því.“
– Er ekki algengara að karlmenn leggi fyrir sig þessa iðju frekar en konur?
„Það eru margar konur í tréskurði en fáar sem nota keðjusög, svo ég viti til. En ég veit um fleiri sem skera út í tré því það eru alltaf haldin námskeið af og til.“
– Kristín á fleiri áhugamál og t.d. stundar hún einnig minkaveiðar.
„Ég hef mjög gaman af minkaveiðum og á tvo minkahunda. Ég hef alltaf veitt enda er ég úr sveit. Við veiddum lækjarbröndur og flugur í gamla daga svo að veiðar hafa alltaf fylgt mér, og það veiða nánast allir í minni fjölskyldu. Ég veiði líka rjúpu og svartfugl en þó er mest gaman að veiða mink.

Svo hef ég einnig mjög gaman að því ferðast og er sérlega hrifin af siglingum á skemmtiferðaskipum. Ég er að fara í mína þriðju siglingu í haust. Við hjónin erum alveg forfallin og núna ætlum við að sigla yfir Atlantshafið. Í fyrstu ferðinni fórum við frá San Diago og niður Kyrrahafið, í gegnum Panama skurðinn, yfir í karabíska hafið og enduðum á Flórída. Í seinna skiptið sigldum við hring í Karabíska hafinu. Nú ætlum við að sigla frá Ítalíu út úr Miðjarðarhafinu, fara yfir Atlantshafið og koma við í nokkrum eyjum í Karabíska hafinu og ljúka ferðinni í Flórída.

Við förum yfirleitt á haustin, en afmælisdagur okkar beggja er 1. nóvember og þetta byrjaði á því að við vorum að halda upp á afmælið okkar. Við urðum stórhrint af þessum ferðamáta en á þennan hátt kemur maður við í löndum sem maður myndi aldrei heimsækja annars. Eins og t.d. förum við til Kólombíu en ég myndi aldrei ferðast þangað á eigin vegum. Það er allt til alls um borð og maður liggur á sólbekk á meðan maður ferðast til nýrra landa. Hótelíð



Við útidyrður Kristínar stendur eitt verk hennar; stærðarinnar tréhönd.
fylgir manni í ferðalaginu sem gæti ekki verið þægilegra. Þetta er toppurinn“, segir Kristín, kona sem á sér mörg áhugaverð áhugamál.



Ferðamönnum á Þingeyri fækkar á milli ára

Færri ferðamenn sóttu Upplýsingamiðstöð Ferðamanna á Þingeyri heim í sumar en undanfarin ár en þeir voru 2117 talsins. Eru það talsvert færri en sumarið 2004 þegar 2499 komur voru talðar og 2352 í fyrra. Í sumarskýrslu upplýsingamiðstöðinni kemur fram að sé erfitt að sjá hvað veldur fækkuninni, en eftir vill hafa HM og slæm veðráttu spilað sitt hlutverk í því. „Sumarið fór hægt af stað og kannski ekki nema von þar sem veðrið var nú ekki upp á sitt besta. Í byrjun júní snjóaði niður í miðjar hlíðar í Dýrafirði og þann 16. gekk á með hagléli. Ferðamenn hugsa sig um áður en þeir staldra við í þess háttar veðurblíðu. Annars var sumarið með hefðbundnu sníði. Fyrirspurnum sem ég fæ til úrlausnar fjölga sífellt og eru þar einnig orðnar fjölbreytari“, segir Hrafnhildur Skúladóttir umsjónarmaður miðstöðvarinnar í skýrslu sinni. Afþreyingarmöguleikar á Þingeyri og nágrenni sem og gistinguþéttir eru enn algengustu fyrirspurnirnar.

Mikið er einnig spurt um gönguleiðirnar hér í kring og verða þær vinsælli með hverju árinu. Nágrenni Ísafjarðar og Ísafjarðardjúpi eru að verða hluti af upplýsingaveituvæðinu á Þingeyri. Sjóferðir, hestaferðir, gönguferðir, sundlaugar og önnur afþreying er það helsta sem um er spurt. Mikið er spurt um áætlunarferðir inn í Vigur og yfir á Hornstrandir. „Fólk er alltaf kaffiþyrst og vantar sárlega kaffihús hérna sem myndi sinna því. Ég seldi kaffi í fyrrasumar en ákvað að gera það ekki í sumar og sökuðu þeir þess sem höfðu nýtt sér það í fyrra“, segir Hrafnhildur. Handverkshópurinn Koltra á Þingeyri hefur rekið Upplýsingamiðstöðina undanfarin 12 ár með handverkssölunni. Síðastliðin 5 ár með fjárstyrk Ísafjarðarbæjar til ráðningar sumarsfarismanns. Verið er að loka miðstöðinni fyrir veturinn en annars var venjuleg sumaropnun hér í júní, júlí og ágúst, frá kl. 10-18 virka daga og frá 13-16 um helgar. *thelma@bb.is*



Aðkoman var ekki falleg á göngustígnum.

Blöskrar sóðaskapur á göngustíg

Eldri borgari setti sig í samband við bb.is og benti á að á föstudagsmorgun hefði göngustígurinn frá hringtorginu og inn að Skeiði verið þakinn rusli á mótis við Menntaskólann og hefðu eldri borgarar með göngugrindur átt í erfiðleikum með að komast leiðar sinnar eftir stígnum. Jónas Sigurðsson,

verkstjóri hjá Áhaldahúsi bæjarins, segir að aðkoman hafi verið ljót, haugar af drykkjarilátum og sælgætisumbúðum á stígnum, en skjótt hafi verið brugðist við og nú sé hvorki tangur né tetur sem hamli umferð um stíginn. Nýbúið sé að setja upp nýjan ruslakassa við stíginn og það sé alfarið á ábyrgð þeirra sem

stígin nota að koma sínu rusli í kassana. Það sé engin afsökun fyrir að vera sóði að einhver annar þrifi eftir mann. Göngustígurinn er mikið notaður af eldri fólki sem oft á erfitt um gang og blöskrar sóðaskapurinn. Margir hafa líka kvartað undan endurteknum ruslaugum við bátabryggjuna en

Jónas segir þar ekki við mannfólkið að sakast heldur komist hrafnar í ruslakassana og dreifi rusli um svæðið. Full ástæða sé þó til að ítreka það fyrir fólki að bærinn sé þéttsetinn ruslakössum og það sé á ábyrgð hvers og eins að nota þá til að halda bænum snyrtilegum.

FB

Framkvæmdir hafnar við Ásgeirsbakka

Hafist var handa við að lengja stálþil við Ásgeirsbakka á Ísafirði í vikunni sem leið. Starfsmenn Íslenska gámafélagsins ehf. mættu í bæinn og hófst vinna við stálþilið strax. Íslenska gámafélagið ehf. bauð lægst, tæplega 55 milljónir eða 88,9% af kostnaðaráætlun. KNH ehf. bauð tæplega 59 milljónir, eða 95,4% af kostnaðaráætlun. Guðlaugur Einarsson ehf. bauð tæplega 61 milljón, eða 98,6% af kostnaðaráætlun, og Ísar ehf. bauð ríflega 76 milljónir, eða 123,5% af kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á tæplega 61,7 milljónir. Í verkinu felst múrbrot á 133 m kanti, brot á þekjum 2700 m² og fyllingu í þil allt að 7800 m³. Þá á að reka niður



Ásgeirsbakki.

110 tvöfaldar stálþilspölur, ganga frá festingum og stögum, byggja 139 m kantbita með pollum, stígum og fríholtum og leggja lagnir og byggja ljósamasturs og vatns-hús. Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. desember 2006. Útbóðsferli framkvæmdanna

við Ásgeirsbakka var lokið þegar ríkisstjórnin dró niður skurðarhnifinn úr slíðri sínu í krossferð gegn þenslu og ofhitnun, öfugt við margar aðrar framkvæmdir á hafnar-mannvirkjum í Ísafjarðarbæ sem urðu hnifnum að bráð. *smari@bb.is*

Geiri í Engidal arfleiðir Ísafjarðarkirkju og HSÍ að andvirði íbúðar

Sigurgeir heitinn Jónsson frá Engidal arfleiðir Ísafjarðarkirkju og Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar að andvirði íbúðar sinnar á Hlífi II á Ísafirði. Þetta kom fram við upplestur erfðaskrár Sigurgeirs á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði í síðustu viku.

Fulltrúar kirkjunnar og heilbrigðisstofnunar tóku á móti gjöfnni og sagði Þröstur Jóhannesson, yfirlæknir, að það væri með hræðum huga sem hann tæki við þessari gjöf en hann væri jafnframt afar þakklátur. Einnig greindi hann frá því að þessu fé yrði varið til kaupa á speglunartæki fyrir maga og ristil og að uppi væru hugmyndir um að innrétta herbergi á Fjórðungssjúkra-



Fulltrúar Heilbrigðisstofnunar og Ísafjarðarkirkju tóku við arfinum.

húsinu í minningu Sigurgeirs og yrði það þá nefnt Geirastofa eða eitthvað í þá áttina. Geira og fjölskyldu hans voru færð-

ar miklar þakkir frá aðstandendum HSÍ og Ísafjarðarkirkju fyrir örlætið.

FB